BYGGÐASTOFNUN

# NORÐURLAND EYSTRA

## Stöðugreining 2014

BYGGÐASTOFNUN

23.02.15

Ritstjórn: Árni Ragnarsson. Aðrir höfundar efnis:
Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson,
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,
Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson.



Norðurland eystra: Stöðugreining 2014

## Efnisyfirlit

Inngangur ........ 5
1. Norðurland eystra, staðhættir og sérkenni ........ 6
1.1 Sérstaða ........ 6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög ........ 7
1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun ........ 9
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi ........ 10
1.5 Brothættar byggðir ........ 11
1.6 Jafnrétti ........ 13
1.7 Búferlaflutningar ........ 15
2. Menntun ........ 16
2.1 Skipting íbúa eftir menntun ........ 16
2.2 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar ........ 16
2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum ........ 17
3. Efnahagsþróun ........ 19
3.1 Tekjur ........ 19
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka ........ 20
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur ........ 21
3.4 Fasteignaverð ........ 23
4. Samgöngur ........ 24
4.1 Vegir, hafnir, flugvellir ........ 24

4.2 Almenningssamgöngur ... 25
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða ... 25
4.4 Gagnaflutningar ... 26
5. Opinber þjónusta ... 27
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla ... 27
5.2 Löggæsla og sýslumaður ... 27
5.3 Héraðsdómur ... 28
5.4 Rafveita og húshitun ... 28
5.5 Opinber störf ... 29
6. Önnur þjónusta ... 33
6.1 Verslun ... 33
6.2 Ýmis þjónusta ... 34
6.3 Ferðaþjónusta ... 34
7. Iðnaður ... 35
7.1 Landbúnaðarafurðir ... 35
8 Frumvinnsla ... 36
8.1 Landbúnaður ... 36
8.2 Fiskveiðar ... 40
8.3 Fiskeldi ... 48
9 Stoðkerfi ... 49
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar ... 49
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra ... 50
9.3 Sóknaráætlun 2013 ... 50
9.4 Þekkingarsetur ... 52
10 Verkefna- og menningarsamningar ... 53
10.1 Vaxtarsamningar ... 53
Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2012-2013 ... 53
Vaxtarsamningur Norðausturlands 2012-2013 ... 53
10.2 Menningarsamningur ... 54
11 Fjölþjóðlegt samstarf ... 56
11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið ... 56
11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin ... 56
11.3 ESPON ... 57
Viðaukar ... 58
Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamninga 2012-2013 ... 58
Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013 ... 62



# Inngangur

Stöðugreining landshluta 2014 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2012 með nokkrum viðbótum. Áhersla er á það lögð að landshlutasamtök sveitarfélaga gangist fyrir mótun sóknaráætlana fyrir landshlutana með framtíðarsýn og áherslum til lengri tíma. Þá er áhersla á samþættingu áætlana og hliðsjón af áætlunum ríkisins. Því þótti mikilvægt með stöðugreiningu nú að ná yfirsýn yfir hina mörgu sameiginlegu starfsþætti innan landshlutans, innviði hans og atvinnuvegi eftir því sem kostur er. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt og stytta texta þannig að yfirsýn fáist fljótt og síðan að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur. Mikilvægt er að Stöðugreining 2014 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Það verður ekki gefið út á pappír.

Sumir kaflar ritsins eru ekki uppfærðir frá 2012 vegna þess að ólíklegt þótti að breytingar væru merkjanlegar á svo stuttu tímabili. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist landshlutunum við stefnumótun, öðrum sem láta sig þau mál varða og almenna byggðaþróun í landinu, á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Árni Ragnarsson.

# 1. Norðurland eystra, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Sérstaða

Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2012




Svæði sóknaráætlunar Norðurlands eystra nær yfir 22.735 $km^2$, þar af eru 5.663 $km^2$ eða aðeins 24,9% undir 200 m y.s. Norðurland eystra afmarkast á Tröllaskaga að vestan af hreppamörkum sveitarfélaga í Skagafirði, af hreppamörkum sveitarfélaga á Suðurlandi að sunnan, á miðhálendinu, og þaðan til sjávar af mörkum sveitarfélaga á Austurlandi.

Svæðið er samfallandi með starfssvæði samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Eyþings, með aðild allra 13 sveitarfélaga með 29.091 íbúa 1. janúar 2014, 8,9% landsmanna sem er 0,2% minni hluti en 1. janúar 2012. Af þeim bjuggu 17.701 íbúi eða 61% á Akureyri sem er langfjölmennasti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins.

**Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði 2011**

**Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011**




Norðurland eystra er fjölbreytt að náttúrufari og landslagi til sjávar, sveita og óbyggða á þeim hluta miðhálendis Íslands sem er innan marka þess. Í landshlutanum eru náttúrusvæði með gildi á heimsvísu og Mývatnssveit hefur langa hefð í þjónustu við ferðamenn úr öllum heimshlutum vegna sérstaks náttúrufars.

Landshlutinn er víðáttumikill, aðeins Suðurland er stærra að flatarmáli, og víða er að finna jarðhita, háhitasvæði og vatnsmiklar ár.

Friðlönd eru nokkur og skrá yfir vernduð svæði á Norðurlandi eystra og svæði á náttúruminjaskrá er að finna í stöðuskýrslu sem unnin var fyrir þjóðfund á Norðurlandi eystra 2010.[1] (20/20 Sóknaráætlun. Stöðuskýrsla Norðaustursvæðis. Töluleg samantekt. Febrúar 2010.) Í skýrslunni er líka að finna yfirlit yfir auð- og orkulindir.

Með skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 fylgja kort þar sem merktir eru inn verndar og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnarinnar.[2] Víða á Norðurlandi eystra eru aðgengileg lághitasvæði og hitaveita er á flestum þéttbýlisstöðum nema austast í landshlutanum.

---

[1] http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/soknaraaetlanir-fyrir-svaedi/landshlutask-nordaustur.pdf

[2] www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf

## 1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

**Mynd 1.2.1**




Norðurlandi eystra er skipt í tvennt á ýmsum sviðum þjónustu og stjórnsýslu, og byggist skiptingin á gömlu sýslunum, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslunum. T.d. skiptist landshlutinn í tvö starfssvæði atvinnu-þróunarfélaga sem sveitar-félögin eiga aðild að.

Aðstæður og byggðaþróun hafa verið með ólíkum hætti í Eyjafirði og á Þingeyjar-svæðinu; á Sléttu, Langanesi og Bakkafirði. Vegalengdir eru miklar og vetrarferðir milli byggða örðugar á stundum en veggöng milli Eyjafjarðar og Ólafsfjarðar og áfram til Siglufjarðar hafa bætt mjög samgöngur á vestursvæði landshlutans.

Eyjafjörður er þungamiðja svæðisins með Akureyri og nokkra þéttbýlisstaði beggja vegna fjarðar. Opinber þjónusta, fjármálastarfsemi og ferðatengd starfsemi eru mikilvægar í landshlutanum og útgerð er öflug miðað við landsmeðaltal sem og landbúnaður. Í tölum fyrir landshlutann vegur vestursvæði hans þungt, þar er stór hluti íbúanna, margir þéttbýlisstaðir og þar eru mörg störf í þjónustu, bæði á vegum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Á Þingeyjarsvæðinu er landbúnaður veigameiri grein ásamt sjávarútvegi

**Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á svæðishluta Norðurlands eystra 2014**




Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga og svæðishluta 2012**

**Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ**

| | fer-kílómetrar | karlar 11 2012 | konur 11 2012 | íbúar pr. km² |
|---|---|---|---|---|
| Akureyrarkaupstaður | 138 | 8.814 | 9.061 | 129,7 |
| Fjallabyggð | 365 | 1.038 | 997 | 5,6 |
| Dalvíkurbyggð | 595 | 993 | 907 | 3,2 |
| Eyjafjarðarsveit | 1.795 | 530 | 501 | 0,6 |
| Hörgárbyggð | 893 | 302 | 282 | 0,7 |
| Svalbarðsstrandarhr | 50 | 199 | 191 | 7,8 |
| Grýtubakkahreppur | 438 | 181 | 169 | 0,8 |
| Eyjafjarðarsvæði | 4.274 | 24.165 | | 5,7 |
| Norðurþing | 3.755 | 1.446 | 1.438 | 0,8 |
| Skútustaðahreppur | 6.034 | 192 | 193 | 0,1 |
| Tjörneshreppur | 196 | 29 | 26 | 0,3 |
| Þingeyjarsveit | 6.005 | 472 | 443 | 0,2 |
| Svalbarðshreppur | 1.131 | 56 | 46 | 0,1 |
| Langanesbyggð | 1.340 | 271 | 241 | 0,4 |
| Austursvæði | 18.461 | 4.853 | | 0,3 |
| Norðurland eystra | 22.735 | 29.018 | | 1,3 |

**Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi á Norðurlandi eystra á ferkílómetra 2012**

**Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ**



## Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012

**Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ**




Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þétta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýlir og á Norðurlandi eystra reiknast 1,3 íbúi á hvern ferkílómetra að meðaltali. Mun fleiri búa á hvern ferkílómetra á Eyjafjarðarsvæðinu en á Þingeyjarsvæðinu enda liggur aðeins fjórðungur svæðisins undir 200 m y.s. Í því ljósi sýna tölur um þéttleika byggðar þá helst misskiptingu landrýmis milli sveitarfélaga í landshlutanum.

Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað. Skipting íbúafjöldans eftir kynjum er kvarði sem er mikilvægur og aðgengilegur í gögnum Hagstofu Íslands og uppfærist þar á hverju ári.

## Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi sveitarfélaga og svæða á Norðurlandi eystra 1998-2012

**Heimild: Hagstofa Íslands**

| | 1998 | | 2002 | | 2007 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Akureyri | 7.627 | 7.801 | 7.874 | 8.073 | 8.314 | 8.607 | 8.814 | 9.061 |
| Fjallabyggð | 1.392 | 1.339 | 1.320 | 1.222 | 1.197 | 1.083 | 1.038 | 997 |
| Dalvíkurbyggð | 1.091 | 991 | 1.047 | 965 | 1.000 | 958 | 993 | 907 |
| Eyjafjarðarsveit | 494 | 442 | 508 | 471 | 531 | 473 | 530 | 501 |
| Hörgársveit | 340 | 273 | 316 | 256 | 313 | 274 | 302 | 282 |
| Svalbarðastr.hr. | 185 | 157 | 190 | 185 | 199 | 182 | 199 | 191 |
| Grýtubakkahr | 190 | 187 | 199 | 196 | 194 | 175 | 181 | 169 |
| Eyjafjsvæðið | 11.319 | 11.190 | 11.454 | 11.368 | 11.748 | 11.752 | 12.057 | 12.108 |
| Norðurþing | 1.789 | 1.682 | 1.679 | 1.575 | 1.528 | 1.483 | 1.446 | 1.438 |
| Skútustaðahr | 241 | 225 | 236 | 216 | 210 | 197 | 192 | 193 |
| Tjörneshreppur | 41 | 37 | 37 | 32 | 33 | 27 | 29 | 26 |
| Þingeyjarsveit | 596 | 536 | 536 | 475 | 506 | 451 | 472 | 443 |
| Svalbarðshr | 68 | 53 | 62 | 58 | 57 | 49 | 56 | 46 |
| Langanesbyggð | 356 | 284 | 310 | 242 | 282 | 238 | 271 | 241 |
| Austursvæði | 3.091 | 2.817 | 2.860 | 2.598 | 2.616 | 2.445 | 2.466 | 2.387 |
| Samtals | 28.417 | | 28.280 | | 28.561 | | 29.018 | |

### Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi á Eyjafjarðarsvæðinu 1998-2013




### Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi á Þingeyjarsvæðinu 1998-2013



## 1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun

Þann 1. janúar 2014 bjuggu 29.091 íbúi á Norðurlandi eystra, þar af 25.849 í þéttbýli, eða 88,9%. Íbúum hafði þá fjölgað um 724 frá 1998 eða um 3,0%. Þá bjó um 86,6% íbúanna í þéttbýli. Hlutur Norðurlands eystra af þjóðinni hefur farið minnkandi á þessu tímabili. Eins og sést á línuritum hér að framan hefur íbúum fjölgað á Eyjafjarðarsvæðinu en fækkað á Þingeyjarsvæðinu og þá einkum á norðausturhorninu.

Fjöldi erlendra ríkisborgara síðustu ár helst nokkuð jafn í landshlutanum, milli 3 og 4% af íbúafjöldanum, vel undir landsmeðaltali. Í skýrslu Byggðastofnunar frá júní 2011 er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi erlendra ríkisborgara fyrir íslenskt efnahagslíf.[3]

**Mynd 1.3.1 Íbúafjöldi á Norðurlandi eystra 1998-2014**




**Mynd 1.3.2 Íbúafjöldi Norðurlands eystra og landsins alls 1998-2014**




**Mynd 1.3.3 Hlutfall íbúa á Norðurland eystra af þjóðinni allri 1998-2014**




**Mynd 1.3.4 Hlutfall erlendra ríkisborgara 2010-13**




[3] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_rikisbogarar-juni_2011.pdf

## 1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Á Norðurlandi eystra eru fjórir bæir með yfir eitt þúsund íbúa, Akureyri langstærst, með 17.827 íbúa 1. janúar 2014, Siglufjörður með 1.190 íbúa, Dalvík með 1.366 íbúa og Húsavík með 2.205 íbúa. Ólafsfjörður með 785 íbúa er eini þéttbýlisstaðurinn með íbúatölu á milli 500 og 1.000 íbúa en 12 staðir hafa milli 100 og 500 íbúa. Á þessum rúmlega hálfa öðrum áratug, 1998-2012, hefur Akureyringum fjölgað 18,0% en íbúum nokkurra annarra þéttbýlisstaða hefur fækkað eða fjöldi þeirra haldist svipaður á tímabilinu. Fjölgun hefur orðið á minni þéttbýlisstöðum umhverfis Akureyri og við austanverðan Eyjafjörð en mikil fækkun á norðausturhorninu og í Mývatnssveit. Þá hefur Húsvíkingum fækkað um 274 eða um 11,0%, úr 2.479 árið 1998 í 2.205 í ársbyrjun 2014.

**Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2013-2014**

| | 2013 | | | 2014 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| Grímsey | 76 | 38 | 38 | 77 | 37 | 40 |
| Siglufjörður | 1.190 | 599 | 591 | 1.190 | 593 | 597 |
| Ólafsfjörður | 790 | 394 | 396 | 785 | 391 | 394 |
| Dalvík | 1.359 | 702 | 657 | 1.366 | 690 | 676 |
| Hrísey | 171 | 87 | 84 | 166 | 87 | 79 |
| Litli-Árskógssandur | 112 | 57 | 55 | 112 | 57 | 55 |
| Hauganes | 105 | 54 | 51 | 111 | 58 | 53 |
| Lónsbakki | 104 | 48 | 56 | 101 | 46 | 55 |
| Akureyri | 17.693 | 8.744 | 8.949 | 17.827 | 8.838 | 8.989 |
| Kristnes | 56 | 26 | 30 | 48 | 22 | 26 |
| Hrafnagil | 263 | 127 | 136 | 262 | 124 | 138 |
| Brúnahlíð í Eyjafirði | 62 | 34 | 28 | 75 | 40 | 35 |
| Svalbarðseyri | 271 | 139 | 132 | 248 | 129 | 119 |
| Grenivík | 278 | 142 | 136 | 275 | 141 | 134 |
| Laugar | 111 | 65 | 46 | 111 | 65 | 46 |
| Húsavík | 2.228 | 1.108 | 1.120 | 2.205 | 1.084 | 1.121 |
| Reykjahlíð | 153 | 77 | 76 | 141 | 77 | 64 |
| Kópasker | 122 | 67 | 55 | 122 | 66 | 56 |
| Raufarhöfn | 169 | 93 | 76 | 166 | 93 | 73 |
| Þórshöfn | 379 | 202 | 177 | 377 | 198 | 179 |
| Bakkafjörður | 78 | 41 | 37 | 84 | 46 | 38 |
| | 25.770 | | | 25.849 | | |

Heimild: Hagstofa Íslands

Viðgangur bæjanna er mikilvægur fyrir þróun búsetuskilyrða á svæðinu og því er íbúafjöldi þeirra mikilvægur kvarði sem byggist á tölum Hagstofu Íslands fyrir hvert ár.

**1.4.2 Íbúafjöldi í þéttbýli á Norðurlandi eystra 1997-2013**




**1.4.3 Íbúafjöldi í þéttbýli á Norðausturlandi 1997-2013**









## 1.5 Brothættar byggðir

Raufarhöfn er eina byggðarlagið á Norðurlandi eystra sem skilgreint hefur verið inn í verkefni Byggðastofnunar *Brothættar byggðir*.[4] Eins og fram kemur hér á eftir fækkaði íbúum þar um 50% á tímabilinu 1998-2011 og hefur fækkað enn fram til 2014. Í verkefninu *Brothættar byggðir* er áhersla lögð á að virkja íbúa til samstarfs eins og lýst er í greinargerðinni *Raufarhöfn og framtíðin. Skilaboð íbúaþings, janúar 2014*.[5]

Við samantekt Byggðastofnunar um byggðir með langvarandi fólksfækkun árið 2012 beindist athyglin að þremur svæðum á Norðurlandi eystra, Eyjafirði, og þar einkum að Fjallabyggð, sunnanverðu Þingeyjarsvæðinu og norðanverðu Þingeyjarsvæðinu. Meginniðurstöður[6] voru eftirfarandi:




**Eyjafjörður, Fjallabyggð.**

- Íbúum í Fjallabyggð fækkaði um tæp 30% á árunum 1994-2011, en fjölgaði lítillega á árinu 2011. Sveiflur hafa verið

[4] http://www.byggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir/framtid-fyrir-brothaettar-byggdir
[5] http://www.byggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir/raufarhofn
[6] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/6.Nordurland_eystra.pdf

í íbúafjölda í Grýtubakkahreppi og þeim hefur fjölgað undanfarið.

- Eins og víðar fækkar mest í yngstu aldurshópunum en fjölgar í þeim eldri. Fólki yfir fimmtugu fjölgaði en fækkaði undir fertugu í báðum sveitarfélögum.
- Konur í yngri aldurshópum eru færri en karlar í sömu hópum.
- Atvinnulíf í Fjallabyggð hvílir talsvert á sjávarútvegi með fyrirtækið Ramma sem burðarás.
- Grýtubakkahreppur á aflaheimildir gegnum dótturfélag sitt og það er grunnur fiskvinnslunnar í heimabyggð. Tekjur af aflaheimildum eru nýttar til uppbyggingar í atvinnulífi.
- Þó nokkur framleiðsluiðnaður er á Ólafsfirði.
- Mikil uppbygging hefur verið við höfnina á Siglufirði á vegum félagsins Rauðku.
- Héðinsfjarðargöng munu breyta miklu fyrir ferðaþjónustu og atvinnulíf í Fjallabyggð
- Talsvert er um „frístundahús“ á Siglufirði, eða um 17% húsa þar.
- Héðinsfjarðargöng eru mikil samgöngubót, en Strákagöng og Múlagöng eru „flöskuhálsar“.

Ferðaþjónusta hefur aukið hlut sinn og vægi í Fjallabyggð og þá einkum á Siglufirði. Íbúum hefur fækkað um 1% í Fjallabyggð síðan 2011 og þá einvörðungu körlum. Konum hefur fjölgað og voru fleiri en karlar 1. janúar 2014.

**Sunnanvert Þingeyjarsvæði.**




- Íbúum á svæðinu fækkaði um 23% á árunum 1994-2011.
- Mest var fækkunin meðal fólks undir fertugu sem fækkaði um 40%.
- Ungum körlum hefur fækkað mikið sem þýðir að dregið hefur saman með kynjunum.
- Mjög öflug ferðaþjónusta er á þessu svæði.
- Þetta er landbúnaðarsvæði með blönduðum búskap og tekjur af laxveiði.
- Í Þingeyjarsveit er margskonar starfsemi með landbúnaði, t.d. fiskvinnsla á Laugum, kertagerð og tólgarvinnsla á Stóruvöllum, Laxárvirkjun og framhaldsskóli á Laugum.
- Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að virkjað verði við Þeistareyki.
- Í Skútustaðahreppi er auk búskapar og ferðaþjónustu orkuverið í Kröflu. Talsverð þróun hefur orðið í framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Miklar væntingar voru til byggingar álvers á Bakka.
- Samgöngur eru ágætar en vantar að bæta ferðamannaleiðir.

Íbúum á sunnanverðu Þingeyjarsvæði fækkaði á tímabilinu 2011-2014 en munur á fjölda kvenna og karla hefur minnkað.

**Norðanvert Þingeyjarsvæði.**

- Fækkun íbúa var 18,6% á tímabilinu 1994-2011.
- Mesta fækkunin var á Raufarhöfn um 50% og 40% á Bakkafirði. Minnsta fækkunin var 11% á Húsavík.
- Fólki undir fertugu fækkaði en fjölgaði hins vegar yfir fertugt. Fækkunin í aldurshópnum 20-40 ára var 37%.
- Á þessu svæði hefur yngri körlum einnig fækkað meira en yngri konum, sem þýðir að dregið hefur saman með kynjunum.

- Austurhlutinn er hreint svæði með sterkan landbúnað.
- Atvinnulíf á Húsavík er nokkuð fjölbreytt en sjávarútvegur er sterkur þar með tvö stór fyrirtæki, GPG og Vísi.
- Hvalaskoðun og hvalasafn er stærsta aðdráttarafl ferðamanna í Norðurþingi, auk þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum (sem er hluti Vatnajökuls-þjóðgarðs).
- Húsavík er þjónustukjarni og ekki síst fyrir austanvert svæðið.
- Á þessu svæði eru tvö dreifbýlissveitarfélög sem sækja þjónustu í nágrannabyggð.
- Í Langanesbyggð eru miklar væntingar um uppbyggingu vegna olíuvinnslu á Drekasvæðinu og olíuflutninga sem staðsett yrði í Finnafirði (Gunnólfsvík).
- Ísfélagið er kjölfesta í atvinnulífi í Langanesbyggð.
- Vegur um Hófaskarð mun breyta miklu fyrir búsetu og atvinnulíf á austursvæðinu.
- Flogið er milli Þórshafnar og Akureyrar en flug á Aðaldalsflugvöll hefur legið niðri í nokkur ár. Nú verður breyting þar á og það mun t.d. nýtast vel í ferðaþjónustu.




Síðan 2011 hefur hlutur fiskverkunar trúlega minnkað nokkuð á norðanverðu Þingeyjarsvæðinu en hlutur ferðaþjónustu aukist og íbúum fækkað enn og þá aðallega körlum.

Aðstæður og þróun í á austursvæði Norðurlands eystra og í Fjallabyggð, með mikilli fækkun íbúa eru m.a. viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar frá maí 2012, *Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.*[7]

## 1.6 Jafnrétti

Mikill munur á fjölda karla og kvenna í samfélagi er af mörgum, leikum og lærðum, talinn veikleiki samfélagsins og takmarkandi fyrir þróun þess. Því séu jafnréttismál mikilvægt byggðamál. Þennan kynjahalla má lesa úr mannfjöldatölum margra sveitarfélaga og landshluta, t.d. úr myndinni af þróun íbúafjöldans á norðanverðu Þingeyjarsvæðinu, mynd 1.5.3. Þar hefur þó dregið saman með kynjunum síðustu ár eftir talsverða fólksfækkun. Brottflutningur kvenna úr dreifbýli er ekki séríslenskt fyrirbrigði og er t.d. viðfangsefni í ESPON-verkefni, *Rural migration, SEMIGRA*.[8]




Íbúum á Norðurlandi eystra í öllum aldurhópum undir fertugu hefur fækkað heldur frá 1998 og aldurhóparnir yfir fimmtugu hafa stækkað. Þetta virðist vera svipuð tilhneiging en ekki eins sterk og

[7] www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf
[8] http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html

**Mynd 1.6.2 Konur, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2006 og 2014**




**Mynd 1.6.3 Konur, fjöldi sem hlutfall af fjölda karla eftir aldurshópum 1998, 2006, 2014**




gætir í öðrum landshlutum, nema á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, að hinn virki aldurshópur í atvinnulífi og barneignum fer minnkandi og það hefur verið túlkað sem merki um stöðnun. Fólki milli þrítugs og fertugs hefur fækkað mikið. Aldurshópurinn milli fertugs og fimmtugs hjá körlum er svipaður 1998 og 2014 og þessi aldurshópur kvenna hefur stækkað á tímabilinu. Kynjahallinn hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 1998-2014 en hlutur kvenna yfir sjötugu er stór en heldur minnkandi.

Skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði því kynjahalli ber vott um stöðnun og sama gildir um skiptingu eftir aldurshópum. Þessi skipting eftir kyni og aldri byggist á fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands og uppfærist ár hvert.

Á korti Nordregio á mynd 1.6.4 eru kynjahlutföll sýnd eftir sveitarfélögum árið 2014. Landsmeðaltalið var 99,4 konur á hverja 100 karla. Tvö sveitarfélög eru yfir landsmeðaltalinu, með fleiri konur en karla, Akureyri og Tjörneshreppur. Fjallabyggð og Norðurþing fylgja landsmeðaltali, Hörgárbyggð og Þingeyjarsveit eru rétt undir því en Dalvíkurbyggð og Skútustaðahreppur eru aðeins neðar. Sveitarfélög í innanverðum og austanverðum Eyjafirði eru talsvert undir meðaltali ásamt Langanesbyggð og í Svalbarðshreppi eru karlar mun fleiri en konur.

**Mynd 1.6.4**




Sveitarfélög á Norðurlandi eystra hafa flest samþykkt jafnréttisstefnu eða jafnréttisáætlanir, Akureyri[9], Eyjafjarðarsveit[10], Langanesbyggð[11], Grýtubakkahreppur[12], Hörgársveit[13], Norðurþing[14], Skútustaðahreppur[15], Svalbarðsstrandarhreppur[16] og Þingeyjarsveit.[17]

---

9 http://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/starfsmannathjonusta/pdf/Jafnrettisstefna_2011_2015_samthykkt_1nov2011.pdf
10 http://www.esveit.is/static/files/Jafnrettisaatlun.pdf
11 http://www.langanesbyggd.is/static/files/documents/samthykktir/Jafnre%CC%81ttisa%CC%81%C3%A6tlun_LNB.pdf
12 http://www.grenivik.is/images/stories/jafnrettisaaetlun.pdf
13 http://www.horgarsveit.is/default.asp?sid_id=51631&tre_rod=004|005|003|&tId=1

## 1.7 Búferlaflutningar

Fækkun íbúa á Norðurlandi eystra skýrist annars vegar af miklum brottflutningi fólks á undanförnum áratugum og hins vegar af aldurssamsetningu íbúa sem er orðin þannig að ekki er að vænta verulegrar náttúrulegrar fjölgunar. Þannig hafa tæplega 3.700 manns flutt brott umfram aðflutta síðustu 20 ár og er fjöldi brottfluttra umfram aðflutta sýndur á mynd 1.7.1. Brottflutningur var mikill á síðasta áratug 20. aldar en síðan hefur heldur dregið úr honum. Einungis eitt ár voru aðfluttir fleiri en brottfluttir, árið 2007. Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur mildað áhrif mikils brottflutnings í sumum landshlutum. Það á við um Norðurland eystra þar sem erlendir ríkisborgarar voru ríflega 4% íbúafjöldans í ársbyrjun 2013. Þeir teljast með í tölu aðfluttra svo án þeirra hefði fækkunin verið enn meiri.

**Mynd 1.7.1 Mismunur brottfluttra og aðfluttra á Norðurlandi eystra 1994-2013**




[14] http://www.nordurthing.is/static/files/Stjornsysla/Stefnur/jafnrettisaaetlunnordurthings2012.pdf
[15] http://www.nordurthing.is/static/files/Stjornsysla/Stefnur/jafnrettisaaetlunnordurthings2012.pdf
[16] http://www.svalbardsstrond.is/static/files/Samthykktir/Jafnrettisaaetlun_2010-2014.pdf
[17] http://thingeyjarsveit.is/Files/Skra_0042143.pdf

# 2. Menntun

## 2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Til þess að greina skiptingu íbúa í landshlutunum eftir menntun fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman tölur úr gögnum sínum. Capacent spyr í ýmsum könnunum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt.

Samanburður leiðir í ljós að íbúar á Norðurlandi eystra með starfsnám úr framhaldsskóla, próf úr grunnskóla eða minni menntun eru fleiri en landsmeðaltalið og karlar með iðnmenntun og konur með stúdentspróf. Hins vegar er hlutur íbúa á Norðurlandi eystra sem hafa lokið háskólaprófi, grunnnámi og framhaldsnámi í háskóla undir landsmeðaltali.

**Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**

| **Karlar** | Grunn-skóla-próf eða minna | Starfs-nám í fram-halds- | Stúdents próf | Iðnnám/ verknám /meistar apróf | Grunn-nám í háskóla | Fram-halds-nám í háskóla | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Norðurl eystra | 28% | 5% | 13% | 33% | 16% | 4% | 100% |
| Landið allt | 22% | 3% | 14% | 31% | 19% | 10% | 99% |
| **Konur** | | | | | | | |
| Norðurl eystra | 39% | 8% | 19% | 7% | 24% | 3% | 100% |
| Landið allt | 33% | 9% | 20% | 8% | 25% | 6% | 100% |

**Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**




**Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**




Höfuðborgarsvæðið er mjög ráðandi í landsmeðaltali og íbúar í landshlutum utan þess hafa annað menntunarmynstur en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Norðurland eystra fylgir þessu menntunarmynstri en frávikið frá landsmeðaltalinu – og höfuðborgarsvæðinu – er minna en annarra landshluta.

## 2.2 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Á Akureyri er háskóli, mennta- og verkmenntaskóli, þrjár símenntunarmiðstöðvar og þekkingarsetur með starfsstöðvum stofnana rannsókna og nýsköpunar. Framhaldsskólar eru á Húsavík, Laugum og Ólafsfirði. Á Húsavík er Þekkingarnet Þingeyinga, símenntunarstöð, með starfsstöðvar á nokkrum stöðum.

Mynd 2.2.1




Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun.

## 2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði fram áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi árið 2010. Hún byggist á tölum frá 2009 og gætt hefur efasemda um þær. Í skýrslunni voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta nema á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi stöðugilda þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfafjöldi því mikilvægur kvarði. Fjöldi stöðugilda, sem settur er hér fram sem kvarði, byggist á samantekt skýrslunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu en teknar eru með í skýrsluna, stoðstofnanir, og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þróa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

**Mynd 2.3.1 Fjöldi stöðugilda á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009**

**Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009**




Samanburður sýnir að stöðugildi eru undir meðaltali landshlutanna utan höfuðborgarsvæðisins, tæplega 0,4 stöðugildi á hverja 100 íbúa.

Skýrsluna frá 2010 uppfærðu fulltrúar Mennta- og menningarmála- og Fjármála- og efnahagsráðuneyta í stýrineti stjórnarráðsins í vinnuskjali árið 2012 undir heitinu *Þekkingarsetur og stoðstofnanir, samantekt eftir landshlutum.*[18] Ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við uppfærðu skýrsluna. Á vegum Byggðastofnunar er unnið að greiningu á fjölda og staðsetningu ríkisstarfa og munu niðurstöður leiða til endurskoðunar á skýrslunni. Samt er hér birt úr henni eftirfarandi skrá yfir setur, stofnanir og verkefni á Norðurlandi eystra:

[18] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Thekkingarsetur-og-stodstofnanir.pdf

## Tafla 2.3.2 Skrá yfir þekkingarsetur

| Starfsemi | Staður | Gerð | Starfsmenn | Stöðugildi |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar | Akureyri | Annað | 4 | 4 |
| Menningarráð Eyþings | Akureyri | Samtök sveitarfélaga | 1 | 1 |
| Símey Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar | Akureyri | Sjálfseignastofnun | 8 | 7 |
| Vaxtasamningur Eyjafjarðar | Akureyri | Annað | 1 | 1 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga | Húsavík | Hlutafélag | 7 | 5,7 |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga | Húsavík | | 8,5 | 2,5 |
| Vaxtarsamningur Norðausturlands | Húsavík | Annað | 1 | 1 |
| **Starfsemi** | **Staður** | **Gerð** | **Starfsmenn** | **Stöðugildi** |
| Þekkingarsetur Þingeyinga | Húsavík | Sjálfseignastofnun | 10 | 7 |
| Menntasetrið Þórshöfn | Þórshöfn | Útibú | 2 | 2 |
| Náttúrustofa Norðausturlands | Húsavík | Stofnun | 5 | 5 |
| Síldarminjasafn Íslands | Siglufjörður | Sjálfseignastofnun | 7 | 4,5 |
| Þjóðlagasetur sr. Bjarna | Siglufjörður | Félag | 2 | 0,5 |
| Menningarmiðstöðin í Listagili | Akureyri | | 5 | 3 |
| Minjasafnið á Akureyri | Akureyri | | 16 | 7,5 |
| Byggðasafnið Hvoll | Dalvík | | 4 | 2 |
| Sauðaneshúsið | Þórshöfn | Félag | 1 | 0,3 |
| Búgarður Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi | Akureyri | Sjálfseignastofnun | 8 | 6,5 |
| Fornleifavernd | Akureyri | | 2 | 2 |
| Hafrannsóknastofnunin | Akureyri | | 3 | 3 |
| Háskólinn á Akureyri | Akureyri | Stofnun | 3 | 2,5 |
| Matís ohf. – Akureyri | Akureyri | Hlutafélag | 4 | 3,8 |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Akureyri | Annað | 5 | 5 |
| Skógrækt ríkisins, Akureyri | Akureyri | Stofnun | 4 | 4 |
| Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | Akureyri | Stofnun | 7 | 6,2 |
| Skógrækt ríkisins | Vaglir | | 9 | 7 |
| Búgarður Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi | Húsavík | Sjálfseignastofnun | 1 | 1 |
| Hvalasafnið á Húsavík | Húsavík | Sjálfseignastofnun | 7 | 2,5 |
| Landgræðslan, Héraðssetur | Húsavík | | 2 | 2 |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Húsavík | Annað | 2 | 2 |
| Rannsókna- og fræðasetur HÍ | Húsavík | Stofnun | 2 | 2 |
| Kiðagil | Bárðardalur | | 6 | 2,5 |
| Svartárkot-menning, náttúra | Bárðardalur | Félag | 5 | 1 |
| Vatnajökulsþjóðgarður, norðursvæði | Ásbyrgi | | 2 | 2 |
| Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi | Þistilfjörður | Sjálfseignastofnun | 1 | 1 |

# 3. Efnahagsþróun

## 3.1 Tekjur




Útsvarsstofn sveitarfélaga byggist á heildaratvinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarsstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um útsvarsstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarsstofn á íbúa telst þannig vera marktækur og mikilvægur kvarði sem uppfærist árlega og getur lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin á Norðurlandi eystra er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal en sést í tölum á töflunni hér að neðan. Útsvarsstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2013 á hvern íbúa í landshlutanum og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Norðurland eystra 2007-2013 var undir landsmeðaltali allt tímabilið og munaði miklu fyrir bankahrun. Eftir það hefur útsvarsstofninn á Norðurlandi eystra nálgast meðaltalið fyrir landið allt. Af línuritinu má sjá að sveiflan á Norðurlandi eystra var heldur ekki jafn stór og landsmeðaltal og árið 2013 var útsvarsstofn lægri en hann var árið 2007, bæði að landsmeðaltali og á Norðurlandi eystra og þar með tekjur einstaklinga. Árið 2013 var útsvarsstofninn á Norðurlandi eystra þó litlu minni en í upphafi tímabilsins, árið 2007.

**Mynd 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa eftir landshlutum 2007-2013**

**Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2013 í þús.kr.**

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 4.115 | 3.771 | 3.295 | 3.109 | 3.185 | 3.233 | 3.289 |
| „Landsbyggð" | 3.435 | 3.141 | 2.888 | 2.807 | 2.907 | 2.964 | 3.013 |
| Suðurnes | 3.501 | 3.179 | 2.783 | 2.637 | 2.707 | 2.732 | 2.822 |
| Vesturland | 3.411 | 3.162 | 2.922 | 2.875 | 2.926 | 2.962 | 2.979 |
| Vestfirðir | 3.215 | 3.150 | 3.020 | 2.849 | 2.954 | 3.047 | 3.058 |
| Norðurland vestra | 2.980 | 2.871 | 2.771 | 2.702 | 2.742 | 2.855 | 2.914 |
| **Norðurland eystra** | **3.243** | **3.085** | **2.906** | **2.856** | **2.955** | **2.997** | **3.055** |
| Austurland | 4.458 | 3.455 | 3.170 | 3.105 | 3.327 | 3.378 | 3.389 |
| Suðurland | 3.283 | 3.094 | 2.815 | 2.753 | 2.876 | 2.966 | 3.007 |
| **Landsmeðaltal** | **3.859** | **3.537** | **3.144** | **2.998** | **3.084** | **3.135** | **3.189** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

## 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra var 7 % á árið 2009 en minnkaði niður í 4,2 % á árinu 2012. Atvinnuleysi var 1,6 prósentustigum undir landsmeðaltali árið 2012. Atvinnuleysi karla hefur minnkað töluvert á þessum þremur árum eða um tæplega fjögur prósentustig en atvinnuleysi kvenna minnkaði heldur minna eða um tvö prósentustig.

Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Vinnuafl samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka var 80,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 en 80,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2012 eða um 78% en atvinnuþátttaka karla lækkaði úr 87 % í 83 % á sama tímabili.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðustu tveimur áratugum en á Norðurlandi eystra um 4,3 prósentustig. Þetta endurspeglar að hlutfall eldri árganga er almennt að vega þyngra og að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20-39 ára. Þetta er næstmesta breyting á aldursamsetningu samkvæmt mælikvarðanum og kemur á óvart, þar sem ætla má að þéttbýli á Eyjafjarðarsvæðinu hafi fremur dregið að yngri árganga.

Mynd 3.2.1 Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra karlar og konur




Mynd 3.2.2 Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra karlar




Mynd 3.2.3 Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra konur




Mynd 3.2.4 Hlutfall 20-39 ára af heildaríbúafjölda



## 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Mynd 3.3.1 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 1999-2013




Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki. Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir athyglisverðan mun árin fyrir hrun í skráningu nýrra fyrirtækja á Norðurlandi eystra og á landinu að meðaltali. Þá voru nýskráningar mun færri á 1.000 íbúa og þeim fækkaði meira en landsmeðaltal eftir hrun.

**Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2011.**

| | Höfuð-borgar-svæði | Lands-byggð | Suðurnes | Vestur-land | Vestfirðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suðurland | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Landbúnaður** | 6% | 94% | 1% | 11% | 5% | 12% | **18%** | 8% | 39% | 100% |
| **Sjávarútvegur** | 19% | 81% | 13% | 13% | 8% | 5% | **13%** | 14% | 15% | 100% |
| **Stóriðja, veitur** | 52% | 48% | 4% | 15% | 2% | 2% | **6%** | 15% | 5% | 100% |
| **Annar iðnaður** | 72% | 28% | 3% | 4% | 1% | 2% | **7%** | 4% | 7% | 100% |
| **Byggingar** | 54% | 46% | 10% | 4% | 2% | 3% | **11%** | 6% | 9% | 100% |
| **Verslun, hótel, veit., samgöngur** | 78% | 22% | 6% | 3% | 1% | 1% | **4%** | 2% | 4% | 100% |
| **Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta** | 77% | 23% | 4% | 3% | 1% | 1% | **6%** | 3% | 5% | 100% |
| **Opinber þjónusta** | 66% | 34% | 5% | 5% | 2% | 2% | **9%** | 4% | 7% | 100% |
| **Öll framleiðsla** | 66% | 34% | 5% | 5% | 2% | 2% | **7%** | 5% | 7% | 100% |

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Byggðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landsframleiðslunnar verða til á svæði höfuðborgarinnar. Samanburður, sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun, fæst með með mati á vægi atvinnugreina í hverjum landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Norðurlandi eystra og við landsmeðaltal. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. á hagvexti landshlutanna. Þessar skýrslur byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjustu skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2011, má sjá á vef Byggðastofnunar.[19].

[19] www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004_-_2011.pdf

Á súluritinu sést vel mikilvægi opinberrar þjónustu á Norðurlandi eystra og þá líka hve stór er hlutur sjávarútvegs og landbúnaðar miðað við landsmeðaltal. Starfsemi á sviði fjármála, verslunar- og hótela er mikilvæg fyrir landhlutann þó framleiðslan sé undir landsmeðaltali.

Upplýsingar um hagvöxt eftir landshlutum fást í sömu heimild og eru líka mikilvægur kvarði.

Þær lýsa frekar óstöðugum hagvexti í landshlutanum síðustu ár, miklu falli 2006 þegar nýskráning fyrirtækja virðist líka hafa staðnað, mikilli uppsveiflu 2008 og eftir hrunið hefur landhlutinn fylgt landsmeðaltalinu vel eftir í hagvaxtarfallinu. Enginn hagvöxtur mældist á Norðurlandi eystra á tímabilinu 2004-2011, var minnstur á Norðurlandi eystra en landsmeðaltalið var 13%.



Mynd 3.3.3 Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2011

**Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2011**

| | Höfuð-borgar-svæði | Lands-byggð | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2004** | 10% | 2% | 2% | 4% | -1% | 3% | **-1%** | 4% | 3% | 7% |
| **2005** | 4% | 15% | 18% | 11% | 18% | 4% | **10%** | 39% | 10% | 7% |
| **2006** | 8% | 3% | 7% | 4% | -3% | -2% | **-11%** | 20% | 6% | 6% |
| **2007** | 7% | 6% | 21% | 1% | -8% | 0% | **4%** | 10% | 1% | 6% |
| **2008** | -1% | 6% | 6% | 9% | 13% | 6% | **13%** | -10% | 8% | 1% |
| **2009** | -7% | -8% | -12% | -4% | 0% | -4% | **-9%** | -16% | -5% | -8% |
| **2010** | -2% | -6% | -11% | -6% | -14% | -1% | **-7%** | 0% | -4% | -3% |
| **2011 bb** | 3% | 3% | 3% | 2% | 0% | 1% | **3%** | 4% | 3% | 3% |
| **'04-'11** | 11% | 18% | 32% | 18% | 2% | 5% | **0%** | 43% | 20% | 13% |
| **'07-'11** | -8% | -6% | -13% | 0% | -3% | 2% | **-1%** | -22% | 1% | -7% |

**bb** – bráðabirgðatölur

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011



Mynd 3.3.5 Hagvöxtur á Norðurlandi eystra og landsmeðaltal 2004-2011

## 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð er eitt af þeim viðmiðum sem lýsa efnahagslegri stöðu. Í könnun Byggðastofnunar frá vormánuðum 2014 er samanburður á heildarmati sömu fasteignar eftir nokkrum stöðum á landinu 2010 og 2014.[20] Það lýsir þannig verðmun sömu fasteignar eftir því hvar hún er og hvernig mat hefur breyst frá 2010. Á Norðurlandi eystra var mat fasteignarinnar skoðað á Siglufirði, Dalvík, Húsavík og Akureyri og niðurstöður settar fram í súluriti og hér er gulur litur undir súlum þessara bæja til

**Mynd 3.4.1 Heildar fasteigna- og lóðamat viðmiðunareignar 2010 og 2014**




glöggvunar. Fram kemur að fasteignaverð á Akureyri er hátt í samanburði við aðra staði á landinu og hæst á eftir bæjunum á höfuðborgarsvæðinu. Á Húsavík og Dalvík er fasteignaverð í góðu meðallagi en heldur undir því á Siglufirði þar sem það hækkaði mikið á tímabilinu eins og raunar á hinum stöðunum líka.

[20] http://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar

# 4. Samgöngur

## 4.1 Vegir, hafnir, flugvellir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 eru þrír flugvellir á Norðurlandi eystra í grunnneti samgangna, á Akureyri, Þórshöfn og í Grímsey. Á vordögum 2012 hófst áætlunarflug um Húsavíkurflugvöll að nýju eftir að hafa legið niðri í meira en áratug.

Stofnvegur á Norðurlandi eystra er þjóðvegur nr. 1 sem liggur um þveran landshlutann, milli Öxnadalsheiðar í vestri og Biskupsháls í austri. Frá þjóðvegi 1 liggja stofnvegir til norðurs að þéttbýlisstöðum, norður með Eyjafirði beggja vegna, að vestan til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og að austan til Grenivíkur. Um Kinn, Aðaldal og Húsavík liggur stofnvegur austur á Sléttu, til Kópaskers og Raufarhafnar og áfram til Þórshafnar og Bakkafjarðar og upp á Sandvíkurheiði. Í Aðaldal tengist þessum vegi stofnvegur til suðurs um Hólasand að Reykjahlíð við Mývatn og annar sem liggur upp Reykjadal að mótum við þjóðveg nr. 1 neðan við Laugar.

Á Norðurlandi eystra liggur stofnvegur milli byggða í yfir 200 metra hæð yfir sjó á nokkrum stöðum. Hæst liggur stofnvegur 540 m y.s. á Öxnadalsheiði, þá í Námaskarði í 410, Mývatnsheiði í 335 í Víkurskarði í 325 m y.s. Um Hófaskarð liggur vegurinn hæst í 212 m y.s. og 275 á Sandvíkurheiði.

Á Norðurlandi eystra eru níu hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, ein í flokki I, á Akureyri, fimm í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Húsavík og Þórshöfn og þrjár í flokki IV, smábátahafnir. Þær eru í Grímsey, Hrísey og Litla-Árskógssandi. Aðrar hafnir í þessum

**Mynd 4.1.1 Grunnnet samgangna**

**Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022**




**Mynd 4.1.2 Stofnvegir 2010**

**Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022**




**Mynd 4.1.3**



flokki eru á Hjalteyri, Grenivík, Kópaskeri og Bakkafirði. Á Raufarhöfn er höfnin flokki ofar, bátahöfn í flokki III.

Engin stór flutningahöfn er á Norðurlandi eystra. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.

## 4.2 Almenningssamgöngur

Áætlunarflug er milli Reykjavíkur og Akureyrar og Húsavíkur og á milli Akureyrar og Þórshafnar, Vopnafjarðar og Grímseyjar. Áætlunarferðir á rútum hafa verið milli staða samkvæmt sérleyfum.

Í kjölfar breyttra áherslna Innanríkisráðuneytisins fyrir almenningssamgöngur árið 2011 hefur verið unnið að því að færa landshlutasamtökum sveitarfélaga umsjón og rekstur almenningssamgangna með samningum milli þeirra og Vegagerðarinnar og þá miðað að samræmdum áætlunum, ferðum og leiðakerfum.

Samningur fyrir Norðurland eystra byggist á samstarfi við Strætó bs. Eyþing er aðili að samningi SSV, FV og SSNV um akstur milli Reykjavíkur og Akureyrar og við hann tengjast ferðir milli Akureyrar og þéttbýlisstaða á Norðaustur- og Austurlandi, þremur daglegum ferðum (í báðar áttir) milli Akureyrar og Siglufjarðar, fjórum milli Akureyrar og Húsavíkur, einni milli Akureyrar og Þórshafnar og annarri milli Akureyrar og Egilsstaða með aukaferð milli Akureyrar og Reykjahlíðar. Með góðum almenningssamgöngum breytast aðstæður fólks til að sækja félagslíf og –starf sem og skóla og vinnu og ekki síður fólks til sveita en þéttbýlisbúa. Rekstur og þróun þessa samræmda leiðakerfis áætlunarferða mun verða viðfangsefni landshlutasamtaka sveitarfélaga á komandi misserum og árum.

## 4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Langt er á milli þéttbýlisstaða á vesturhluta og austurhluta Norðurlands eystra og ferðatími langur miðað við aðra landshluta, þó að Suðurlandi og Vestfjörðum undanskildum. Þannig er langur vegur milli Raufarhafnar og Akureyrar þar sem þjónustan er mest á

**Mynd 4.3.2 Vegalengdir milli Akureyrar, Húsavíkur og annarra þéttbýlisstaða 2012**

**Heimild: Vegagerðin**




**Mynd 4.3.1 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012**

**Heimild: Vegagerðin**

| | Frá Akureyri | Frá Húsavík |
|---|---|---|
| Grímsey | | |
| Siglufjörður | 77 | 168 |
| Ólafsfjörður | 61 | 152 |
| Dalvík | 44 | 135 |
| Hrísey | | |
| Litli-Árskógssandur | 35 | 126 |
| Hauganes | 34 | 125 |
| Hjalteyri | 24 | 115 |
| Lónsbakki | | |
| Kristnes | 10 | 98 |
| Hrafnagil | 13 | 101 |
| Svalbarðseyri | 13 | 80 |
| Grenivík | 38 | 90 |
| Reykjahlíð | 99 | 54 |
| Laugar | 62 | 39 |
| Húsavík | 91 | |
| Kópasker | 188 | 87 |
| Raufarhöfn | 222 | 130 |
| Þórshöfn | 250 | 159 |
| Bakkafjörður | 263 | 201 |
| Akureyri | | 91 |
| Reykjavík | 388 | 479 |

Norðurlandi eystra og vegalengdir hafa leitt til skiptinga landshlutans í minni svæði.

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi eystra afmarkast af landslagi eins og víðar samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna.

Vinnusóknarsvæði Akureyrar nær út með Eyjafirði og skarast við vinnusóknir þéttbýlisstaða beggja vegna. Vinnusóknir Siglufjarðar og Ólafsfjarðar ná saman og vinnusóknarsvæði Húsavíkur og Reykjahlíðar í Mývatnssveit og Lauga. Vinnusóknarsvæði Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar takmarkast við nánasta umhverfi staðanna.

Vinnusóknarsvæðið við Eyjafjörð myndar þungamiðju svæðisins.

Áætlað er að Vaðlaheiðargöng, milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, verði tekin í notkun í desember 2016.[21] Þau verða tæplega 7,2 km löng og munu tengja saman vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða í Eyjafirði og Húsavíkur.

Stytting ferðatíma, vegstyttingar og samgöngubætur breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.




**Mynd 4.3.3**

**Mynd 4.3.4 Vaðlaheiðargöng**
Heimild: Vegagerðin




## 4.4 Gagnaflutningar

Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að greiningu á stöðu fjarskiptamála í einstökum landshlutum og von var á fyrstu niðurstöðum á fyrri hluta árs 2014. *Í Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*[22], bls. 40-42, er fjallað almennt um stöðu gagnaflutninga á landinu.

[21] http://www.vegagerdin.is/Verkefnavefir/Vadlaheidargong.nsf

[22] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf.

## 5. Opinber þjónusta

Mynd 5.1.1




### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Norðurlands spannar starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra að undanskildum Húnaþingi vestra og þeim hluta sveitarfélagsins Langanesbyggðar sem liggur í Bakkafirði. Húnaþing vestra heyrir til Heilbrigðisumdæmi Vesturlands og Bakkafjörður Heilbrigðisumdæmi Austurlands.[23]

Stjórnunarteymi Heilbrigðisumdæmis Norðurlands er dreift, framkvæmdastjóri lækninga hefur aðsetur á Sauðárkróki en aðrir fulltrúar þess á Norðurlandi eystra, forstjóri og framkvæmdastjóri hjúkrunar á Húsavík og fjármálastjóri og mannauðsstjóri á Akureyri.

Á Norðurlandi eystra er sérhæft sjúkrahús Akureyri, ótengt heilbrigðisumdæminu, heilsugæslustöð með sjúkrarýmum á Húsavík og Siglufirði, heilsugæslustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Akureyri, Kópaskeri og Þórshöfn og heilsugæslusel á Grenivík, Raufarhöfn, Laugum, Reykjahlíð og í Hrísey og Grímsey. Heilsugæslustöðvar eru á flestum þéttbýlisstöðum og hafa mikla þýðingu fyrir afmörkun þjónustusókna.

Mynd 5.1.2




Nokkur hjúkrunarrými fyrir aldraða eru rekin í tengslum við heilbrigðisstofnanir á Siglufirði, Húsavík og Akureyri en sérrekin á Ólafsfirði, Dalvík, Húsavík og Þórshöfn auk margra á Akureyri.

### 5.2 Löggæsla og sýslumaður

Norðurland eystra er eitt umdæmi lögreglustjóra sem hefur aðalskrifstofu á Akureyri og skrifstofur á Siglufirði, Dalvík, Húsavík og Þórshöfn. Landshlutinn er líka eitt umdæmi sýslumanns sem hefur aðsetur á Húsavík með sýsluskrifstofur á Siglufirði, Dalvík og Akureyri.[24]

---

[23] http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus_og_heilbrigdisstofnanir/

[24] http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/

**Mynd 5.2.1**




## 5.3 Héraðsdómur

Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og umdæmi hans nær yfir sveitarfélögin Akureyrarkaupstað, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahrepp, Svalbarðshrepp, Svalbarðsstrandarhrepp, Tjörneshrepp og Þingeyjarsveit.[25]

## 5.4 Rafveita og húshitun

Á Norðurlandi eystra hefur Rarik sérleyfi til dreifingar raforku og kerfisstjórnunar nema á Akureyri þar sem Norðurorka hefur sérleyfi. Hitaveitur með einkaleyfi sem starfa á Norðurlandi eystra í janúar 2010 eru Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur, Rarik, Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Reykjahlíðar og Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs.

Af þeim fjórum þéttbýlisstöðum á Norðurlandi eystra sem voru með í úttekt á kostnaði vegna húshitunar og raforkunotkunar sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*) eru Akureyri og Húsavík meðal þriggja þéttbýlisstaða sem eru með lægstan orkukostnað viðmiðunarfasteignarinnar, Dalvík er rétt neðan við meðaltal orkukostnaðar þéttbýlisstaðanna með um 12% hærri orkukostnað en lægsti þéttbýlisstaðurinn. Siglufjörður er með sjöunda hæsta orkukostnaðinn, um 4% lægri en sá þéttbýlisstaður sem var hæstur í úttektinni. Hitaveita er notuð til húshitunar á öllum þessum fjórum þéttbýlisstöðum.

Orkukostnaður í dreifbýli á Norðurlandi eystra, sem og á öðrum dreifbýlissvæðum sem falla undir dreifisvæði Rarik, er sá hæsti utan þéttbýlisstaða í úttekt Orkustofnunar (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*). Þar munar mest um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá vegna orkudreifingar utan þéttbýlis.

[25] http://www.domstolar.is/nordurlandeystra

**Mynd 5.4.1 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum á Norðurlandi eystra og í nokkrum stöðum í dreifbýli.**

**Miðað er við gjaldskrá 1. janúar 2013**

| Staður | Hitaveita Fjarvarmav. kr/ári | Rafhitun kr./ári | Hitaveita/Rafhitun kr./ári | Rafmagn Almenn notkun kr/ári | Samtals rafmagn og hiti kr/ári | Samtals rafmagn og hiti kr/ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Dreifbýli RARIK | | 217.063 | 217.063 | 103.059 | 320.123 | |
| Siglufjörður | 176.792 | | 176.792 | 77.553 | 254.345 | |
| Hitaveita dreifbýli Norðurland | 102.925 | | 102.925 | 103.059 | 205.984 | |
| Dalvík | 86.359 | | 86.359 | 77.553 | 163.912 | |
| Húsavík | 75.496 | | 75.496 | 77.553 | 153.049 | |
| Akureyri | 86.631 | | 86.631 | 66.278 | 152.909 | |

Heimild: Orkustofnun

## 5.5 Opinber störf

Eftir bankahrunið, haustið 2008, fækkaði störfum ríkisins víða á landinu. Greinargerð sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun[26], *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins*, var gerð opinber í apríl 2013. Þar er fjallað um árin frá hruni til 2011 og þar kemur fram að ríkisstörfum fækkaði á Vesturlandi. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett fram athugasemdir við skýrsluna.) Í samantekt um svæðið segir í skýrslunni:

„Á árunum 2007 til 2011 töpuðust 55,5 ársverk á Norðurlandi eystra, en það eru 0,27% af 16-74 ára íbúum svæðisins.

Niðurskurðurinn hafði áhrif á fólksfjöldarþróun upp úr hruninu en fólksfjöldi hefur á ný farið vaxandi á svæðinu. Meðalaldur fer hækkandi yfir allt tímabilið en það dregur úr hraða hækkunarinnar í kringum 2007….. Niðurskurður hins opinbera hefur haft áhrif á atvinnuleysi á Norðurlandi eystra. Það rýkur upp í kjölfar bankahrunsins og er aðeins lægra en landsmeðaltalið… Á Norðurlandi eystra var mestur niðurskurður starfa á Akureyri, þar sem starfsfólki fækkaði mikið á sjúkrahúsinu og í Háskólanum. Í Norðurþingi töpuðust samtals 11,4 ársverk, eins er Fjarðarbyggð skoðuð þar sem sveitarfélagið hefur staðið höllum fæti á undanförnum árum en þar jukust ársverk um 5,7, þar munar mestu um stofnun Menntaskólans á Tröllaskaga. Á Akureyri sjást ekki bein neikvæð áhrif vegna niðurskurðar á íbúaþróun en atvinnuleysi hækkar í kjölfar hrunsins. Í Fjallabyggð hefur íbúaþróun verið tiltölulega jákvæð eftir að ný göng voru opnuð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, dregið hefur úr fólksfækkun, meðalaldur staðið í stað og hlutfall 20-40 ára íbúa hefur hækkað. Hlutfall kvenna hefur hækkað verulega eftir að framkvæmdum lauk…. Í Norðurþingi hefur íbúum fækkað og meðalaldur hækkað hratt en ekki er þó að sjá beina stefnubreytingu við hrunið. Atvinnuleysi fór hratt vaxandi í kjölfar kreppunnar en hefur lækkað á ný. Því má segja að áhrif hrunsins sjái helst stað í atvinnuleysistölum á svæðinu.“ Í skýrslunni eru ríkisstörf á Norðurlandi eystra sett fram á skrá sem sýnd er hér að ofan til samanburðar milli ára.

Flesta þætti ríkisstarfseminnar er að finna á Akureyri og þá á Húsavík eins og sést á töflunni hér á eftir. Þar er sett fram niðurstaða úr könnun sem Samband sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga unnu í samráði við

[26] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyting-a-fjolda-rikisstarfsmanna.pdf

Byggðastofnun 2014. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.[27]

**Mynd 5.5.1 Ríkisstörf á Norðurlandi eystra 2007 og 2011**

| | Fjöldi starfsmanna | | Breyting |
|---|---|---|---|
| | **2007** | **2011** | **milli ára** |
| *Menntamálaráðuneytið* | | | |
| Háskólinn á Akureyri | 192,1 | 161,6 | -30,5 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 122,6 | 140,8 | 18,2 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 17,8 | 15,2 | -2,6 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 21,8 | 24,5 | 2,7 |
| Menntaskólinn á Tröllaskaga | 0 | 13,5 | 13,5 |
| Framhaldsfræðsla | 11,7 | 19,6 | 7,9 |
| Fornleifavernd ríkisins | 1 | 1 | 0 |
| *Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið* | | | |
| Fiskistofa | 5 | 4 | -1 |
| Verðlagsstofa skiptaverðs | 2 | 0,5 | -1,5 |
| Matvælastofnun | 4,5 | 5 | 0,5 |
| *Innanríkisráðuneytið* | | | |
| Héraðsdómstólar | 5 | 5 | 0 |
| Sýslumaðurinn á Siglufirði | 6,8 | 4,9 | -1,9 |
| Sýslumaðurinn á Akureyri | 60,5 | 50,7 | -9,8 |
| Sýslumaðurinn á Húsavík | 19,6 | 17,5 | -2,1 |
| Fangelsismálastofnun ríkisins | 4 | 7,8 | 3,8 |
| Vegagerðin | 49,5 | 43,3 | -6,2 |
| Flugmálastjórn Íslands | 1 | 0 | -1 |
| *Velferðarráðuneytið* | | | |
| Vinnueftirlit ríkisins | 4 | 4 | 0 |
| Jafnréttisstofa | 5,7 | 5,5 | -0,2 |
| Sjúkrahúsið á Akureyri | 496,7 | 464,4 | -32,3 |
| Heilsugæslustöðin Dalvík | 9,2 | 9,8 | 0,6 |
| Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð | 51,1 | 45,2 | -5,9 |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | 102,7 | 96 | -6,7 |
| Vinnumálastofnun | 5,4 | 6,6 | 1,2 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 0 | 0,6 | 0,6 |
| *Fjármálaráðuneytið* | | | |
| Ríkisskattsjóri/skattstofur | 19,6 | 19,4 | -0,2 |
| Tollstjórinn | 0 | 2 | 2 |
| *Iðnaðarráðuneytið* | | | |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands | 4 | 6,3 | 2,3 |
| Ferðamálastofa | 5 | 4 | -1 |
| *Umhverfisráðuneytið* | | | |
| Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn | 2,4 | 2 | -0,4 |
| Umhverfisstofnun | 8,9 | 7,5 | -1,4 |
| Landgræðsla ríkisins | 7,1 | 4 | -3,1 |
| Náttúrufræðistofnun Íslands | 8 | 6,5 | -1,5 |
| Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | 4,2 | 4,7 | 0,5 |
| **Samtals** | **1.258,9** | **1.203,4** | **-55,5** |

[27] http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-starfa-rikisins-1

**Mynd 5.5.2**
**Staðsetning ríkisstarfa 2014**




Byggðastofnun 2014. Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög 2013-14, Fjársýsla ríkisins, Ríkisreikningurinn 2012, heimasíður stofnana og ráðuneyta og viðtöl við fulltrúa þeirra 2014

**Mynd 5.5.3**


STAÐSETNING RÍKISSTARFSEMI 2014
OG VINNUSÓKNARSVÆÐI
Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga, AÞ,
AFE, Ríkisreikningurinn, ríkisstofnanir, LMÍ
11.14-ÁR
BYGGÐASTOFNUN
SKÝRINGAR
Héraðsstarfsemi
Landshlutastarfsemi
Landsstarfsemi
Vinnusóknarsvæði
Mörk landshluta
Mörk sveitarfélaga
0 25 50 75 100 km
Aðeins starfsþættir ríkisins koma fram á kortinu, hvorki fjöldi stofnana né stærð þeirra. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða miðast við daglegaa vinnusókn. Skoða má bæði starfsþætti og vinnusóknir á heimasíðu Byggðastofnunar.

# 6. Önnur þjónusta

## 6.1 Verslun

Flokkun verslana

Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Norðurlandi eystra á Akureyri og Húsavík en stórmarkaður, almenn dagvöruverslun á þessum sömu stöðum, Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík og litlar verslanir í flestum þéttbýlisstöðum, sumar með mjög takmarkað vöruframboð. Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:
   Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir
   Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir
   Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir
   Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

**Mynd 6.1.1**



## 6.2 Ýmis þjónusta

Flesta starfsþætti þjónustu fyrirtækja á Norðurlandi eystra er að finna á Akureyri og marga einnig á Húsavík eins og sést á töflunni á mynd 6.2.1. Hún sýnir niðurstöður könnunar sem Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga unnu 2014 í samráði við Byggðastofnun. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.[28] Fjöldi þjónustuþátta á Akureyri er hærri en á öðrum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins en á Húsavík er hann sambærilegur við mesta fjölda á stöðum í hverjum landshluta.

## 6.3 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er sú grein sem vaxið hefur mest um land allt. Í yfirliti Ferðamálastofu *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014*[29] má á eftirfarandi töflu sjá fjölda gistirýma 2012-2013 eftir landshlutum. Fjöldi gistnótta er þó aðeins einn kvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðaþjónustunnar og vitað er að ferðaþjónusta á Norðurlandi eystra byggir mjög á mörgum orlofsíbúðum og

**Mynd 6.3.1 Fjöldi gistinótta á hótelum og gistiheimilum 2012-2013**

| | 2012 | | 2013 | | Breyting milli |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi herbergja | % | Fjöldi herbergja | % | ára 2012-13 (%) |
| Höfðuborgarsvæði | 3.584 | 35,0 | 3.997 | 36,2 | 11,5 |
| Suðurnes | 391 | 3,8 | 465 | 4,2 | 18,9 |
| Vesturland | 771 | 7,5 | 768 | 7,0 | -0,4 |
| Vestfirðir | 444 | 4,3 | 513 | 4,6 | 15,5 |
| Norðurland vestra | 505 | 4,9 | 536 | 4,9 | 6,1 |
| Norðurland eystra | 1.521 | 14,9 | 1.516 | 13,7 | -0,3 |
| Austurland | 1.232 | 12,0 | 1.253 | 11,3 | 1,7 |
| Suðurland | 1.781 | 17,4 | 2.002 | 18,1 | 12,4 |
| Samtals | 10.229 | 100 | 11.050 | 100 | 8,0 |

–húsum, bátaferðum, þjónustu við þessa þætti og við fjölda farþegaskipa hvert sumar. Fram kemur á töflunni að hlutur Norðurlands eystra rýrnaði heldur þetta árið, úr 1.521 í 1,516 gistinætur og að hluti landshlutans af heildarfjölda gistinótta á landinu var 13,7% árið 2013.




**Mynd 6.2.1 Staðsetning þjónustustarfa fyrirtækja 2014**

---

[28] http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-thjonustustarfa-fyrirtaekja.

[29] http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdatjonusta_itolum_april14.pdf

# 7. Iðnaður

## 7.1 Landbúnaðarafurðir

Vísað er í kafla 7.1 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017* þar sem fjallað er um framleiðslu og neyslu á innlendum kjöt- og mjólkurafurðum. Gögn þar að lútandi eru ekki tiltæk fyrir hvern landshluta heldur lýsa þau einungis landinu sem heild.

7.2 Sjávarafurðir

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.3 Byggingariðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.4 Annar iðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

# 8 Frumvinnsla

## 8.1 Landbúnaður

### Fjöldi bújarða og landnýting

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 430 á Norðurlandi eystra árið 2010. Heildarflatarmál lands sem nýtt er undir landbúnað á Norðurlandi eystra er um 2.938 km$^2$, sem eru tæp 13% heildarflatarmáls landshlutans. Meðalstærð nýtts lands reiknast því til að vera rúmir 680 hektarar á bújörð.

Bróðurpartur nýtts landbúnaðarlands eru engi og úthagi, rúm 92%, sem nýtt eru til beitar. Tún og nýræktir eru tæp 7% og aðrir flokkar samanlagt um 0,7%, aðallega land undir grænfóður og kornrækt ásamt litlu minni hlutdeildar landrýmis annarra minni flokka.

**Tafla 8.1.1 Hektarar nýtts landbúnaðarlands og fjöldi bújarða á Norðurlandi eystra 2010**

| | |
|---|---|
| Fjöldi bújarða | 430 |
| Engi og úthagi | 271.577 |
| Tún alls | 20.095 |
| Grænfóður | 865 |
| Kornrækt | 739 |
| Kartöflur | 91 |
| Fóðurrófur og kál | 253 |
| Annað land | 179 |
| Alls | 293.798 |
| Meðalstærð nýtts lands bújarða | 683 |

Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 8.1.2 Hlutfall landnýtingarflokka af nytjuðu landbúnaðarlandi á Norðurlandi eystra á árinu 2010**




### Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings frá 1998 til 2012 fyrir sjö tegundir má sjá á mynd 8.1.3. Þar er fjöldinn teiknaður upp sem hundraðshluti af upphafsfjöldanum. Það sem vekur fyrst athygli er fækkun refs niður í ekki neitt frá 2005 og mikil fjölgun minks frá 1999 til 2010 með snarpri fækkun frá 2011 til 2012 sem veldur því að minki hefur fækkað um rúm 15% í lok tímabilsins. Einnig hafa

**Mynd 8.1.3 Þróun á fjölda búpenings á Norðurlandi eystra 1998 - 2012**



töluverðar sveiflur verið í fjölda varphænsna með rúm 7% fækkun í lok tímabilsins. Fjöldi annarra tegunda hefur verið stöðugri, hrossum hefur fjölgað um rúm 8%, sauðfé hefur fjölgað um tæp 2%, nautgripum fækkað um tæp 3% og svínum fækkað um rúm 10%.

**Tafla 8.1.4 Fjöldi búpenings á Norðurlandi eystra 1998 - 2012**

| | Nautgripir | Sauðfé | Hross | Varphænsni | Svín | Minkar | Refir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 16.791 | 75.565 | 6.897 | 11.574 | 564 | 2.870 | 1.208 |
| 1999 | 16.604 | 75.102 | 6.521 | 10.159 | 591 | 1.920 | 757 |
| 2000 | 15.890 | 72.936 | 6.248 | 12.312 | 575 | 2.040 | 859 |
| 2001 | 15.367 | 74.400 | 6.315 | 7.104 | 615 | 2.050 | 842 |
| 2002 | 14.948 | 74.131 | 6.303 | 6.987 | 617 | 2.330 | 600 |
| 2003 | 15.109 | 73.319 | 6.292 | 7.718 | 596 | 3.020 | 483 |
| 2004 | 15.151 | 72.270 | 6.621 | 12.757 | 577 | 3.650 | 140 |
| 2005 | 15.659 | 71.963 | 6.927 | 11.909 | 608 | 4.008 | 2 |
| 2006 | 16.313 | 71.980 | 7.122 | 13.303 | 585 | 3.870 | 2 |
| 2007 | 16.969 | 71.606 | 7.478 | 13.982 | 529 | 4.340 | 1 |
| 2008 | 17.304 | 72.944 | 7.498 | 8.823 | 534 | 3.970 | - |
| 2009 | 17.392 | 74.412 | 7.336 | 8.636 | 533 | 4.325 | 1 |
| 2010 | 17.270 | 75.924 | 7.816 | 12.088 | 500 | 4.410 | - |
| 2011 | 17.150 | 77.032 | 7.658 | 6.831 | 506 | 4.310 | - |
| 2012 | 16.315 | 76.697 | 7.470 | 10.739 | 506 | 2.145 | 1 |

Heimild: Hagstofa Íslands

**Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum**

Hlutfall greiðslumarks mjólkur og sauðfjár á Norðurlandi eystra af heildargreiðslumarki alls landsins árið 2013 voru 25% fyrir mjólk og 18% fyrir sauðfé. Heildargreiðslumark mjólkur á Norðurlandi eystra minnkaði milli áranna 2010 og 2013 um 1,4% en heildargreiðslumark sauðfjár jókst um 0,47%. Til samanburðar var samdráttur í greiðslumarki mjólkur fyrir landið allt 0,22% milli áranna 2010 og 2013 en greiðslumark sauðfjár hélst óbreytt.

Á Norðurlandi eystra var langmesta hlutdeild greiðslumarks mjólkur af heildar-greiðslumarki lands-hlutans árið 2013 í Eyjafjarðarsveit, 34%, næstmest í Þingeyjarsveit, 20%, og þá í Hörgársveit, 18% hlutdeild. Ef undan eru skildir þeir fjórir hreppar sem voru án greiðslumarks



Mynd 8.1.5

mjólkur árið 2013 á Norðurlandi eystra (Akureyrarkaupstaður, Fjallabyggð, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð), var lægsta hlutdeild mjólkur í Tjörneshreppi, 0,75%, þá í Norðurþingi, 1,5%, og þriðja lægsta hlutdeild var í Skútustaðahreppi, 2,4%. Mesta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár af heildargreiðslumarki landshlutans árið 2013 var í Norðurþingi, 25% hlutdeild, næstmest í Þingeyjarsveit, 24%, og þá í Svalbarðshreppi, 11%. Í Akureyrarkaupstað var minnsta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár á Norðurlandi eystra, 0,06%, næstminnst í Svalbarðsstrandarhreppi, 0,33%, og þá í Fjallabyggð, 0,46%.



Mynd 8.1.6

Í fimm af þrettán sveitarfélögum á Norðurlandi eystra hækkaði greiðslumark mjólkur milli áranna 2010 og 2013. Mesta hlutfallsaukningin var í Tjörneshreppi, 9,2%. Í þremur sveitarfélögum lækkaði greiðslumark mjólkur meira en sem nam 0,22% lækkun landsins alls. Mest var hlutfallslækkunin í Dalvíkurbyggð, 10%.

Í sex af þrettán sveitarfélögum á Norðurlandi eystra hækkaði greiðslumark sauðfjár milli áranna 2010 og 2013. Mesta hlutfallsaukningin var í Fjallabyggð, 52%, en þar er greiðslumarkið mjög lágt. Hlutfallsaukning í Svalbarðshreppi var einnig nokkur, 6,7%. Í þremur sveitarfélögum lækkaði greiðslumark sauðfjár og var mesta hlutfallslækkunin í Skútustaðahreppi, 8,0%.



Mynd 8.1.7




Mynd 8.1.8

**Tafla 8.1.9 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Norðurlandi eystra 2010 og 2013**

| *Númer* | *Sveitarfélag* | *Greiðslumark mjólkur* | | | *Greiðslumark sauðfjár* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | *2010* | *2013* | *Breyting* | *2010* | *2013* | *Breyting* |
| 6000 | Akureyrarkaupstaður | 0 | 0 | 0,00% | 39,0 | 39,0 | 0,00% |
| 6100 | Norðurþing | 411.585 | 437.239 | 6,23% | 16.136,5 | 16.104,3 | -0,20% |
| 6250 | Fjallabyggð | 0 | 0 | 0,00% | 198,3 | 300,6 | 51,59% |
| 6400 | Dalvíkurbyggð | 3.906.690 | 3.489.790 | -10,67% | 2.653,9 | 2.686,9 | 1,24% |
| 6513 | Eyjafjarðarsveit | 9.756.290 | 9.818.130 | 0,63% | 3.179,3 | 3.257,0 | 2,44% |
| 6515 | Hörgársveit | 5.072.580 | 5.086.520 | 0,27% | 4.952,5 | 4.972,7 | 0,41% |
| 6601 | Svalbarðsstrandarhreppur | 2.161.530 | 2.295.500 | 6,20% | 215,8 | 215,8 | 0,00% |
| 6602 | Grýtubakkahreppur | 1.132.100 | 1.129.670 | -0,21% | 3.975,1 | 3.975,1 | 0,00% |
| 6607 | Skútustaðahreppur | 702.770 | 701.258 | -0,22% | 4.488,6 | 4.129,3 | -8,00% |
| 6611 | Tjörneshreppur | 197.438 | 215.572 | 9,18% | 1.433,7 | 1.433,7 | 0,00% |
| 6612 | Þingeyjarsveit | 5.970.180 | 5.724.090 | -4,12% | 15.859,7 | 15.730,3 | -0,82% |
| 6706 | Svalbarðshreppur | 0 | 0 | 0,00% | 7.240,6 | 7.724,0 | 6,68% |
| 6709 | Langanesbyggð | 0 | 0 | 0,00% | 4.790,2 | 4.902,1 | 2,34% |
| Norðurland eystra | | 29.311.163 | 28.897.769 | -1,41% | 65.163,2 | 65.470,8 | 0,47% |

Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun

## 8.2 Fiskveiðar

Afli skipa á Norðurlandi eystra í öðrum tegundum en uppsjávarfiski dróst mjög saman á tímabilinu 2003-2012, úr rúmum 124 þúsund tonnum í tæp 75 þúsund tonn eins og sést á mynd 8.2.1.

Samdrátturinn var langmestur á skipum skráðum á Akureyri. Einnig var mikill samdráttur á Þórshöfn en þó ekki í þorski, ýsu, ufsa og karfa eins og sést á mynd 8.2.2.

Á Akureyri var samdráttur um 12 þúsund tonn í þorski, ýsu, ufsa og karfa samanlagt og mikill samdráttur var í veiðum á úthafskarfa eins og sjá má af mynd 8.2.4.



8.2.1 Afli eftir heimahöfn, allar tegundir nema uppsjávarfiskur (t)



Mynd 8.2.2 Afli eftir heimahöfn - þorskur, ýsa, ufsi og karfi (t)



Mynd 8.2.3 Afli eftir heimahöfn - þorskur (t)

Samdráttur í afla endurspeglast í samdrætti í vinnslu eins og sjá má á mynd 8.2.5. Þar sker Akureyri sig úr vegna hins mikla samdráttar árin 2011 og 2012. Athyglisvert er að samdráttur í verkun er um þremur árum seinna á ferðinni en samdráttur í veiðum skipa frá Akureyri. Vinnslan hefur samkvæmt því haft annað hráefni með til vinnslu á árunum 2007-2010.

Á mynd 8.2.6 yfir verkunarleið má sjá að nokkuð svipað hlutfall hefur verið á milli verkunarleiða á tímabilinu að öðru leyti en því að gámafiskur er dottinn út. Löndun af vinnsluskipum hélst svipuð til 2011 en dróst mikið saman á árinu 2012.

Ef horft er á samanburð á milli veiða skráðra skipa og verkunar afla eftir stöðum á Norðurlandi eystra, sjá mynd 8.2.7, kemur í ljós að Akureyri var að fá til sín allt að 27 þúsund tonn á ofangreindu tímabili þar sem verkun var umfram veiðar. Þetta breyttist aftur á árinu 2011 og var aðfenginn afli innan við 5 þúsund tonn á árinu 2012. Nokkrar sveiflur eru í mismun afla og verkunar á Siglufirði og Ólafsfirði, en að líkindum eiga þær að

**Mynd 8.2.4 Afli tegunda annarra en uppsjávarfisks á skipum skráðum á Akureyri árin 2002-2013**




Heimild: Hagstofa Íslands, vigtarskýrslur

**Mynd 8.2.5 Afli eftir verkunarstöðum, annar en afli uppsjávartegunda (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur

**Mynd 8.2.6 Norðurland eystra - Verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávarfisks)**




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur




verulegu leyti rót í flutningi á afla innan sama fyrirtækis. Í heildina er landshlutinn að láta frá sér um 5 þúsund tonn á árinu 2012. Vegna hárra talna á ofangreindum stöðum er erfitt að átta sig á þróun í öðrum verstöðvum, þó má sjá að flestir hinna staðanna, að Dalvík og Húsavík undanskildum, eru að láta frá sér talsverðan afla.

**Uppsjávarfiskur**

Líkt og í afla annarra tegunda er Akureyri er stærsta verstöðin þegar kemur að uppsjávartegundum. Einnig veiða skip frá Þórshöfn og Grenivík mikið. Dalvík, Ólafsfjörður og Húsavík hafa hins vegar nær alveg dottið út af kortinu í uppsjávarveiðum eins og fram kemur á mynd 8.2.8.

Meirihluti, eða yfir 56% afla uppsjávarskipa í landshlutanum, er verkaður utan heimahafnar og yfir 37%, eða megnið af því sem eftir er, er unnið um borð í vinnsluskipum. Sjá mynd 8.2.9.

Eins og sjá má er verkun á uppsjávarfiski nær eingöngu bundin við Akureyri (vinnsluskip) og Þórshöfn. Lítið eitt er verkað á Siglufirði og Raufarhöfn síðustu þrjú ár eftir nokkurra ára hlé. Sjá mynd 8.2.10.



**Mynd 8.2.9 Norðurland-eystra - Verkunarstaður uppsjávarafla skráðra skipa (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur

**Mynd 8.2.10 Afli uppsjávartegunda eftir verkunarstöðum (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur

Veiðar á makríl eru farnar að skipta miklu máli og þar vega þyngst veiðar skipa frá Akureyri, Dalvík og Þórshöfn. Heildarveiði var yfir 30 þúsund tonn árin 2011 og 2012. Afli smærri skipa (annarra en togara og skipa með aflamark) hefur verið lítill en farið hægt vaxandi síðustu ár og var rúm 2.500 kg á árinu 2012, sjá mynd 8.2.11.

**Mynd 8.2.11 Makrílafli eftir heimahöfn skipa (kg) (allir útgerðarflokkar)**




Heimild: Hagstofa Íslands, vigtarskýrslur




## Strandveiðar

Strandveiðar voru stundaðar á um 100 bátum á Norðurlandi eystra sumarið 2012. Aflinn var á milli 1.500 og 1.600 tonn sumrin 2012 og 2013. Áberandi er að aflinn er takmarkaður, t.d. borið saman við afla báta á krókaaflamarki, enda miklar takmarkanir á sókn og dagsafla strandveiðibáta. Nokkuð er misjafnt hvort afla er landað í heimahöfn og áberandi meira landað á nokkrum stöðum en skráðir heimabátar afla. Gott dæmi um þetta er Siglufjörður, sbr. mynd 8.2.15. Næstmest var landað á Húsavík en þar virðast heimabátar eiga í hlut. Í heildina virðist vera jafnvægi á milli afla skráðra báta og þess afla sem landað var á Norðurlandi eystra.









**Úthlutaðar aflaheimildir**

Myndir 8.2.16 og 8.2.17 sýna annars vegar úthlutun í þorski með sérstakri úthlutun (skelbótum o.fl.) og hins vegar úthlutun í ÞÍG með jöfnun (þ.m.t. bótum). Á fiskveiðiárunum 2012/2013 og 2013/2014 er jöfnun þó ekki með, einungis bætur. Ártal á við seinni hluta kvótaársins.

Mjög miklar sveiflur hafa verið í heimildum þorsks og úthlutun alls í ÞÍG á Norðurlandi eystra frá árinu 1991 og þá ekki síst á Akureyri. Einkum er áberandi niðursveifla í heimildum á árinu 2008. Hún á sér, að því er virðist, rót í sölu aflaheimilda frá landshlutanum á sama tíma. Hlutfall aflaheimilda Norðurlands eystra í þorski hefur þó hækkað aftur og er svipað og í upphafi



tímabilsins, eða rúm 22%. Hlutfall þorskígilda hefur ekki hækkað jafn mikið og er heldur lægra en árið 1991, eða um 18%.




Skip skráð á Norðurlandi eystra hafa tæp 15% loðnukvótans um þessar mundir. Sjá mynd 8.2.18 Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð en er nú svipað eða aðeins lægra en árið 1991. Hlutfallið í íslenskri síld er hins vegar um 25% og hefur farið hækkandi ef frá er talinn toppur á árunum 2006-2008. Sjá mynd 8.2.19.



**Mynd 8.2.19 Aflaheimildir í íslenskri sumargotssíld (t)**




Hlutur Norðurlands eystra í kolmunna er tæp 14% og hefur vaxið verulega. Sjá mynd 8.2.20. Heimildir í norsk-íslenskri síld hafa sveiflast en eru nú um 16% af heimildum alls. Sjá mynd 8.2.21. Myndirnar sýna meðal annars að sveiflur í úthlutun tegunda eru ólíkar eftir árum og því jafnast heildarveiði uppsjávarfisks út að einhverju leyti. Þó má gera ráð fyrir að sveiflur í loðnu skipti langmestu máli í heildarveiði.

**Mynd 8.2.20 Aflaheimildir í kolmunna (t)**




**Mynd 8.2.21 Aflaheimildir í norsk-íslenskri síld alls (t)**



## 8.3 Fiskeldi

Níu fiskeldisstöðvar eru skráðar á Norðurlandi eystra. Fiskeldið Haukamýri ehf. við Húsavík er með 200 tonn, í Kelduhverfi elur Rifós ehf. 300 tonn og Silfurstjarnan 1.300 tonn. Þessar stöðvar eru stærstu stöðvar á Norðurlandi eystra en aðrar stöðvar eru annað hvort seiðastöðvar eða litlar stöðvar sem ala bleikju og regnbogasilung til slátrunar. Búast má við að einhver aukning eldis verði hjá stærri stöðvunum í landshlutanum en þó varla stórvægilegar. Samherji er með í bígerð sjókvíaeldi á laxi í Eyjafirði, óvíst um stærð.

**Mynd 8.3.1 Fiskeldisstöðvar á Norðurlandi eystra 2014**

| staður | eldisfiskur | gerð | stærð, tonn |
|---|---|---|---|
| Haukamýrargil við Húsavík | bleikja | klakstöð og strandeldi | 200 |
| Ólafsfjörður | bleikja | strandeldi | < 5 |
| Laxamýri og Auðbrekku | lax, bleikja og regnbogasilungur | klakstöð (lax), strandeldi | 60 |
| Lón, Kelduhverfi | bleikja | klakstöð og strandeldi | 300 |
| Núpsmýri við Kópasker | lax og bleikja | strandeldi | 1.300 |
| Sigtún við Kópasker | bleikja | klakstöð | 7 |
| Eyjafjörður | bleikja | strandeldi | < 5 |
| Eyjafjörður | regnbogasilungur | strandeldi | 20 |
| Skjálfandaflói, við Húsavík | kræklingur og ostrur | | < 5 |

Heimild: Mast

Fjöldi starfsmanna við fiskeldi á Norðurlandi eystra er um 35 auk afleiddra starfa.

# 9 Stoðkerfi

## 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Hér er umfjöllun um stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar takmörkuð við stuðning ríkisins við byggða- og atvinnuþróun. Sérstaklega er þó fjallað um vaxtar- og menningarsamninga í kafla 10. Ekki er fjallað um beinan stuðning við atvinnugreinar með eða án aðildar ríkisvaldsins.

**Samningur um atvinnu og byggðaþróun**

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga og átta atvinnuþróunarfélög, þar af tvö á Norðurlandi eystra, sem í flestum tilvikum eru nátengd landshlutasamtökunum, hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutavísu. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa gert samning og framlengt hann um árabil með fjármagni sem veitt er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Sveitarfélög á Norðurlandi eystra hafa myndað landshlutasamtök sveitarfélaga í landshlutanum, Eyþing. Á starfssvæði þess eru tvö atvinnuþróunarfélög, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, AFE, og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, AÞ. Bæði þessi félög hafa gert samninga við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun[30]. Starfssvæði félaganna, eins og heiti þeirra gefa til kynna, eru nánast gömlu Eyfjarðar- og Þingeyjarsýslur. Svæði AFE nær yfir 7 sveitarfélög; Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp. Starfssvæði AÞ nær yfir 6 sveitarfélög, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp, Svalbarðshrepp og Langanesbyggð. Samningarnir eru annars samhljóða og gildistími beggja er frá ársbyrjun 2013 til ársloka 2017.

Í samninginum við AFE og samninginum við AÞ eru atvinnuþróunarfélögin nefnd *félagið* og í þeim segir í 1. gr. „Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999* og *reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000,* stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun Norðurlands eystra.“ Hlutverk sambands sveitarfélaga er samkvæmt þessu að samþætta áætlanir ríkis og landshlutans eins og fram kemur í 2. gr., um markmið samningsins, sem eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a. í samræmi við Sóknarætlun Norðurlands eystra.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Í 3. grein samningsins er skilgreining á hlutverki AFE og AÞ í stoðkerfinu, að þau vinni m.a. að eftirtöldum verkþáttum:

a) *Atvinnu- og byggðaþróun*
b) *Atvinnuráðgjöf*
*c)* *Nýsköpun*
*d)* *Búsetuþáttum*
*e)* *Upplýsingaöflun*
*f)* *Endurmenntun, samstarf o.fl.*

[30] Byggðastofnun: Samningar AFE og AÞ um atvinnu og byggðaþróun

Í 6. gr. samningsins er lýst eftirfylgni og segir þar m.a.: „ Félagið skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert skila Byggðastofnun ársreikningi fyrir næstliðið ár, skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári og starfsáætlun fyrir nýhafið ár.

Í starfsáætlun skal samþætta áherslur félagsins við forsendur og markmið samnings þessa sem fram koma í 1. og 2.gr. Í áætluninni skal gerð grein fyrir helstu markmiðum og áherslum á árinu, með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna (fjárhagsáætlun). Í starfsáætlun skal félagið einnig setja fram almenn árangursmarkmið."

Samkvæmt samninginum um atvinnu- og byggðaþróun fékk AFE til ráðstöfunar um 12,3 milljónir króna starfsárið 2012 og 16 milljónir 2013. AÞ fékk til ráðstöfunar um 12,7 milljónir króna starfsárið 2012 og 13 milljónir 2013.[31] Þessir fjármunir nýtast aðallega til reksturs starfseminnar.

## 9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra

Við mótun Ísland 2020 stefnuskjalsins setti forsætisráðuneytið fram tillögu um einföldun, fækkun og samþættingu lögbundinna stefna og áætlana[32] þannig að unnar yrðu heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta. Markmiðið með tillögunni var að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Tillögunum fylgdi eftirfarandi skrá yfir lögbundnar stefnur og áætlanir til samþættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflytjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

## 9.3 Sóknaráætlun 2013

Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Eyþings 2013 var undirritaður af fjármálaráðherra og formanni Eyþings, landshlutasamtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, 22. mars 2013.[33] Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni kr. 50,6 milljónir af fjárlagalið 09-992 á árinu 2013.

[31] Byggðastofnun. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna 2012 og 2013.
[32] http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555
[33] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur_Eything_22.mars_2013.pdf

Fjármunir til Sóknaráætlunar Eyþings voru ákveðnir samkvæmt reiknireglu stýrinets stjórnarráðsins 2013.[34] Til viðbótar þessari fjárhæð koma mótframlög af Norðurlandi eystra, samtals kr. 34 milljónir. Af hálfu stýrinets stjórnarráðsins um sóknaráætlanir[35] var lögð áhersla á þrjá efnisflokka[36] fyrir sóknaráætlanir landshlutanna 2013:

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

Í samningi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Eyþings eru tilgreind 6 verkefni í þessum áhersluflokkum til útfærslu[37]:

1. *Akureyri hlið inn í landið.* Að fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma þeirra vegna þess að þeir koma beint inn á svæðið. Að bæta dreifingu ferðamanna um landið með því að opna á tækifæri fyrir þá að koma beint norður.
2. *Orkuauðlindasamstarf*. Að stofna klasa um orkuauðlindasamstarf þar sem meðal annars verða greind framtíðartækifæri í eldsneytisframleiðslu á svæðinu.
3. *Náin tengsl atvinnulífs og skóla - ný nálgun í símenntun*. Að efla verk- og tæknimenntun á öllum skólastigum og uppfylla betur þarfir atvinnulífsins.
4. *Kynningarefni og fjölmiðlun*. Að auka framleiðslu á sjónvarpstengdu kynningarefni sem tengist lífi og starfi á svæði Eyþings.
5. *Grunngerð og mannauður í menningarstarfi*. Að kortleggja grunngerð og mannauð í menningarstarfi á öllu svæðinu og gera gagnagrunn aðgengilegan. Mun nýtast sem grunnur að faglegir úthlutun fjármagns til málaflokksins.
6. *Aftur heim*. Að fjölga listmenntuðu fólki sem starfar í jaðarbyggðum Eyþings og fjölga listviðburðum á þessum stöðum. Úthlutað verður verkefnastyrkjum til ungs listafólks eftir umsóknum.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um sóknaráætlun var 40% samningsupphæðar hans greidd við undirritun og önnur 40% í kjölfar funda um framvindu allra verkefna og mat á þeim sem stýrinet stjórnarráðsins gekkst fyrir þann 24. og 25. september 2013 með fulltrúum hverrar sóknaráætlunar. Lokagreiðsla, 20%, mun verða greidd í kjölfar staðfestingar stýrinetsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins á að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samningsins og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri fyrir 1. september 2014. Forsenda fyrir lokagreiðslu er að landshlutasamtökin hafi uppfyllt skilyrði fjárveitingarinnar og samningsins.

[34] http://www.stjornarrad.is/media/rikisstjorn/skipting-framlaga.pdf
[35] http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraaetlanir-landshlutanna/abyrgd-og-hlutverk-styrinetsins/
[36] Skapalón fyrir sóknaráætlun landshluta. Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir, 30.10.2012. Byggðastofnun.
[37] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit_220313.pdf

Í Sóknaráætlun Eyþings er sett fram svót-greining fyrir Norðurland eystra.

**SVÓT greining fyrir Eyþingssvæðið**

**STYRKUR**

- Rík hefð og styrkur í sjávarútvegi og landbúnaði þar sem fyrir hendi er bæði mikil verk- og viðskiptareynsla
- Góð grunnþjónusta, félagsleg samkennd og gott umhverfi til að ala upp börn.
- Góð aðstaða til alþjóðlegra samgangna, bæði hafnaraðstaða og flugvöllur.
- Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim
- Gott og stöðugt vinnuafl
- Mikil þekking á ferðaþjónustu og margvíslegir möguleikar á því sviði

**VEIKLEIKAR**

- Fjarlægð frá stærstu markaðssvæðunum
- Erfiðar innri samgöngur
- Fjarskipti og netsamband óviðunandi
- Mikil árstíðasveifla í ferðaþjónustu
- Aðgengi dreifbýlis að fjölbreyttri símenntun, endurmenntun og háskólamenntun
- Skortur á beinum samgöngum við útlönd

**ÓGNANIR**

- Óheillahringur: Vantar atvinnu>vantar fólk til að skapa atvinnu>til að fá fólk
- Skortur á sýnileika í alþjóðasamhengi og þar með veik staða til markaðssetningar á stórum mörkuðum
- Léleg fjarskipti og nettengingar gera erfitt um vik í uppbyggingu, nýsköpun og auknu samstarfi
- Misvægi í tækifærum á vinnumarkaði þar sem tilteknir hópar standa illa að vígi
- Óvissa í rekstrarumhverfi sjávarútvegs vegna fyrirhugaðra breytinga á stjórnun fiskveiða

**TÆKIFÆRI**

- Grunnstoðir menntakerfis fyrirliggjandi allt upp í háskólastig
- Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á Norðurslóðasvæði
- Eftirsótt svæði í ferðamennsku og fjölbreyttir möguleikar á því sviði
- Nálægð við fiskimiðin ásamt þekkingu og reynslu á veiðum og vinnslu ýmissa fiskistofna.
- Nálægð við ósnortna og sérstæða náttúru.
- Öflug landbúnaðarsvæði sem geta nýtt sér aukinm áhuga og eftirspurn eftir matvælum með þekktan uppruna

## 9.4 Þekkingarsetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla- og nokkur þekkingarsetur.[38]

Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta og skrá yfir þau er í kafla 2.3.

[38] http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/haskola---og-visindamal/

# 10 Verkefna- og menningarsamningar

## 10.1 Vaxtarsamningar

Á Norðurlandi eystra hafa verið gerðir tveir vaxtarsamningar, Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2012-2013 milli Iðnaðarráðuneytisins og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Vaxtarsamningur Norðausturlands, milli Iðnaðarráðuneytisins og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, báðir með gildistíma til ársloka 2013. Í þeim báðum er tekið fram að áherslur og markmið geti breyst vegna stefnumótunar og samþættingar áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020.

### Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2012-2013

Markmið samningsins[39] er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Áhersla er á stærri og veigameiri samstarfsverkefni sem hafa það markmið að efla nýsköpun og þróun í atvinnulífi á svæðinu.
Leiðir að þessu markmiði eru tilgreindar í samninginum:

1 Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2 Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4 Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6 Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Í samninginum er lögð áhersla á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á eftirtöldum sviðum.

- Matvælaframleiðsla (kjöt og fiskur).
- Stoðkerfi sjávarútvegsins (málmtækni, kælitækni, framleiðsla og útflutningur).
- Ferðaþjónusta, lenging tímabila og samþætting svæða.
- Akureyrarflugvöllur sem áfangastaður erlendra flugrekenda.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar styrkti 36 verkefni á árunum 2012-2013 og skrá yfir þau má finna í viðauka 1.

### Vaxtarsamningur Norðausturlands 2012-2013

Vaxtarsamningur Norðausturlands[40] nær til alls starfssvæðis Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, hefur sömu markmið og Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og í honum eru tilgreind sömu leiðir að markmiðum. Áhersla er hins vegar á aðra þætti:

- Jarðhitanýting til framleiðslu, eldis og ræktunar.
- Ferðaþjónusta með bætta nýtingu fjárfestinga og uppbyggingu jaðarsvæða.
- Efling svæðisbundinnar þjónustustarfsemi/innri vaxtar atvinnulífs á svæðinu.
- Sameiginleg verkefni með öðrum vaxtarsamningum í verkefnum sem taka til stærri svæða og/eða eru hluti alþjóðlegra verkefna.

Vaxtarsamningur Norðausturlands styrkti 45 verkefni á árunum 2012-2013 og skrá yfir þau má finna í viðauka 1.

---

[39] http://www.afe.is/static/files/vaxey/Eydublod-og-skjol/vaxey2012_2013.pdf
[40] http://www.atthing.is/wp-content/uploads/2012/09/Vaxtarsamningur-2012-2013.pdf

## 10.2 Menningarsamningur

Menningarsamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Eyþings, samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, fyrir hönd sveitarfélaganna þrettán á starfssvæði samtakanna, var undirritaður í apríl 2011 með gildistíma til ársloka 2013. [41] Samningurinn er um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu í þeim tilgangi að beina í einn farveg styrkveitingum ríkisins til þess að efla slíka starfsemi í landshlutanum og gera hana sem sýnilegasta. Markmiðin eru fjögur:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Með samninginum er sveitarfélögum á Norðurlandi eystra gert að standa að Menningarráði Eyþings í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna og kveðið á um að hlutverk ráðsins sé meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála í landshlutanum og standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun sem meðal annars styðji við menningartengda ferðaþjónustu. Þá er menningarráðinu gert að setja fram stefnu og áætlun um hvernig það hyggst starfa að markmiðum samningsins, að úthluta styrkjum til menningarverkefna á Norðurlandi eystra samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir og að hafa eftirlit með framkvæmd styrktra verkefna. Framlag til samningsins er áætlað 37,2 m.kr. á ári og skiptist þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 20,9 m.kr., Iðnaðarráðuneyti leggur til 5,7 m.kr. og sveitarfélögin á Norðurlandi eystra leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta eða sem nemur 10,6 m.kr.

Samþykktir um Menningarráð Eyþings voru samþykktar 2004 og breytt 2010. Í tengslum við menningarsamning ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra gerðu sveitarfélögin með sér samning í apríl 2011 um menningarmál í landshlutanum.[42] Í samninginum er vísað til þeirra fjögurra markmiðsgreina í samningi ríkisins og Eyþings sem taldar eru upp hér að framan og kveðið á um hlutverk og starfshætti Menningarráðs Eyþings.

Menningarráðið setti 2012 fram stefnumótun sína fyrir samningstímabilið 2011-2013[43]. Þar segir að áherslur Menningarráðsins fyrir 2012 séu á að þau verkefni sem hlytu styrki efldu á einhvern hátt samstarf og/eða samvinnu í menningarmálum á Norðurlandi eystra eða drægju fram menningarleg sérkenni svæðisins. Auk þessa ákvað ráðið að árið 2012 hefðu þau verkefni forgang sem uppfylltu eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðalaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra.
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema og leikmanna.
- Verkefni sem efla þekkingu og fræðslu á sviði menningar og lista.
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu.

Í stefnumótun Menningarráðs Eyþings fyrir tímabilið 2012-2013 eru sett þau fjögur markmið sem rekja má til samnings Eyþings og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og talin eru upp hér að framan. Í viðauka við stefnumótunina eru settar fram reglur fyrir úthlutun styrkja 2012 og áherslur ársins. Þar segir m.a.: „Menningarráðið leggur áherslu á að styrkja nýsköpun og sjálfstæð verkefni en

[41] http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5957
[42] http://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkyrslur/menningarsamningursveitafelaga11-13.pdf
[43] http://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkyrslur/me-stefnumotun_loka-menningarst.-.pdf

styrkir ekki hefðbundið menningarstarf, rekstur- eða stofnkostnað. Annað sem fellur utan verksviðs ráðsins eru: útgáfa geisladiska, undirbúningur eða útgáfa bóka og skráning upplýsinga. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, samkomur s.s. tónleikar, minningarsamkomur og sýningar án sýnilegrar sérstöðu, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.“

Í matsskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2011-2013*[44], kemur m.a. fram að „Á svæðinu hefur náðst árangur í nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu… Mikil fjölbreytni er nú merkjanleg í minni sveitarfélögum á svæðinu, sér í lagi þeim sem eru í mestri fjarlægð frá Akureyri… Framkvæmd menningarsamnings Eyþings hefur að mati þátttakenda leitt til nýrra starfa og unnt er að benda á nokkur verkefni sem þroskast og gerjast á þann hátt að þau hafa orðið varanleg…“ Norðurland eystra er talið hafa staðið einna best af landshlutunum að útfærslu menningarsamningsins og samstarf við Austurland sérstaklega lofað.

Á grundvelli stefnunnar og menningarsamnings við ríkið styrkti Menningarráð Eyþings 157 verkefni á árunum 2012-2013 og skrá yfir þau má finna í viðauka 2.

Árið 2012 fól stjórn Eyþings Menningarráði Eyþings að leiða gerð stefnumótunar í menningarmálum fyrir sveitarfélögin á starfssvæði Eyþings. Stefnunni er ætlað að vera rammi um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna sem og verkefni sem öll sveitarfélögin geta haft hagsmuni af og falla undir sóknaráætlun landshlutans. Stefnan var samþykkt á aðalfundi Eyþings 2013. Í stefnulýsingunni[45] segir m.a.:

„Stefna sveitarfélaga í Eyþingi byggir á stefnu Menningarráðs Eyþings og því eru þetta sameiginleg markmið stefnu menningarráðs og sveitarfélagana í Eyþingi, auk þess sem í stefnu þessari eru sett fram fleiri markmið…“

„Markmið sveitarfélaga í Eyþingi fyrir tímabilið 2013-2020 eru eftirfarandi:

- Efla samstarf og samvinnu á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í listum og menningu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Leggja áherslu á stuðning við sjálfstætt starfandi listamenn.
- Að sveitarfélög á starfssvæði Eyþings marki sér eigin stefnu í menningarmálum.
- Að stafræn tækni verði nýtt til að miðla menningu á svæðinu og styrkja tengsl innan svæðisins.
- Leggja rækt við menningarlega sérstöðu svæðisins.
- Marka sameiginlega safnastefnu á starfssvæði Eyþings.
- Standa saman að rekstri Menningarráðs Eyþings.
- Að menningarstarfsemi tengist atvinnusköpun og ferðaþjónustu.“

[44] http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=DCF68D4F9DD7086300257C0D0056678B&action=openDocument

[45] http://www.eything.is/static/files/SamningarOgSkyrslur/stefna-2013-2020-2-menningarst.-.pdf

# 11 Fjölþjóðlegt samstarf

Fjölþjóðlegt samstarf stofnana og fyrirtækja á Norðurlandi eystra er víðtækt. m.a. þátttaka í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum ESB. Á heimasíðu samstarfshóps styrkjaáætlana sem fá framlög frá ESB má sjá kort með landshlutagreindum upplýsingum um verkefni og verkefnastyrki.[46]

Verkefnaþátttaka er á Norðurlandi eystra í tveimur verkefnaáætlunum sem Byggðastofnun hefur umsjón með, NORA, NPP og ESPON.

## 11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið

NORA (Norræna Atlantssamstarfið) eru samtök fjögurra landa og falla undir samstarf Norrænu Ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Eftirtalin verkefni með verkefnisstjórn á Norðurlandi eystra voru samþykkt á árinu 2012:

*Cod-Atlantic*, verkefni um þorskeldi, bætt seiðaeldi. Íslenskir þátttakendur, Matís og Hafró. Óstaðsett – en unnið af Matís í Reykjavík og á Akureyri. Hafró, Grindavík. Samstarfslönd: Noregur

*Slow Adventure*, fara sér hægt og verða eitt með náttúrunni og sögunni. Þjálfa fólk í þessari tegund ferðaþjónustu. Háskóli Íslands Höfn í Hornafirði, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar, Akureyri. Samstarfslönd: Noregur, Skotland.

*FING*, menntun fyrir starfsmenn í olíu-/gasiðnaði. Verkmenntaskólinn á Akureyri. Samstarfslönd: Grænland, Færeyjar, Noregur.

*Uppsöfnuð orka*, sjálfbær orkunýting og aðferð til að draga úr notkun (jarðefna)eldsneytis. Orkusetur. Akureyri. Samstarfslönd: Færeyjar, Bretland.

*RENSEA*, prófun rafbáta á vegum Norðursiglingar á Húsavík. Norðursigling Húsavík, Nýorka, Reykjavík, Sigling, Kópavogi. Samstarfslönd: Noregur, Færeyjar.

## 11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin

NPP, Norðurslóðaáætlunin, er samstarfsáætlun ESB og aðildarlanda að áætluninni um verkefnasamstarf. Starfssvæðið er norðurhluti Finnlands og Svíþjóðar, norðvesturhluti Noregs, Skotlands og Írlands og Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður-Írland.

Aðalverkefni á starfstímabilinu 2007-2013 sem samþykkt höfðu verið í október 2013 með þátttöku á Norðurlandi eystra eru:

*The cooperation for safety in sparsely populated areas - Co-Safe.*[47]

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Grænlands. Íslenskir þátttakendur eru Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn í samstarfi við fjölmarga innlenda aðila.

*NEED, Northern Environment Education Development*.[48]

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands í Höfn Hornafirði, Háskólasetrið á Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafell og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.

*North Hunt, Sustainable Hunting Tourism*. [49]

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar og Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar.

---

[46] http://evropusamvinna.is/kort/

[47] www.cosafe.eu

[48] www.uef.fi/need

[49] www.north-hunt.org

*Our Life as Elderly- implementation - OLEII* [50]

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeyja. Íslenskir þátttakendur eru Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.

*Recruitment and Retention of Healt Care Providers and Public Sector Workers in Remote Rural Areas – Recruit and Retain.*[51]

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands,Grænlands, Noregs, Svíþjóðar, Kanada og Norður-Írlands. Íslenskur þátttakandi er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

## 11.3 ESPON

ESPON er samstarfsáætlun ESB-landa, Noregs. Liechtenstein, Sviss og Íslands um byggða- og svæðarannsóknir. Tilgangur ESON er „að styðja stefnuþróun með tilliti til markmiðs um svæðistengda samkennd og samhæfða þróun á evrópsku landssvæði með því (1) að leggja til samanburðarhæfar upplýsingar, sannreyndir, greiningar og framtíðarsýnir til svæðistengdrar þróunar og (2) lýsa svæðistengdum auðlindum og sóknarfærum til þróunar fyrir byggðir og stærri svæði og bæta þannig samkeppnishæfni Evrópu, svæðasamstarf og sjálfbæra og jafna þróun.“[52]

Á starfstímabilinu 2007-2013 hafa alls 4 verkefni með íslenskri þátttöku hlotið styrki, öll á Akureyri:

*SEGI - Services of general interest* (2010-2013) er samanburðarrannsókn og kortlagning á almennu þjónustuframboði á landsbyggðarsvæðum og sveitarfélögum. Aðili af Íslands hálfu er Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.[53]

*KITCASP – Key indicators for territorial cohesion and spatial planning* (2012-2013) er rannsóknarverkefni sem snýr að því að skoða og meta nytsemi svæðisbundinna gagnagrunna fyrir stefnumótun í svæðaskipulagi og annarri stefnumótun sem varðar þróun byggðar í Skotlandi, Írlandi, Lettlandi, Íslandi og í Baskahéruðum Spánar. Aðili af Íslands hálfu er Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Skipulagsstofnun er einnig aðili að verkefninu sem svokallaður hagshafi (stakeholder) og átti þátt í, að frumkvæði skoskra skipulagsyfirvalda, að móta þá verkefnislýsingu sem boðin var út. Byggðastofnun var líka fengin til samstarfs um íslenska verkhlutann. [54]

*NORBA - Nordic-Baltic dialogues on transnational perspectives in planning* (2010-2013).

Samstarfs- og netverkefni ESPON-tengiliða í Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Noregi og Svíþjóð. Aðili af Íslands hálfu er Háskólinn á Akureyri. [55]

*ENECON - ESPON Evidence in North European Context* (2012-2014). Verkefnið beinir sjónum sérstaklega að þeim áskorunum og tækifærum sem blasa við í svæða- og byggðaþróun sem og svæðaskipulagi á norðlægum svæðum Evrópu. Með því að miðla þeirri þekkingu sem þegar er orðin til í ESPON verkefnum með því að halda málþing og ráðstefnur er reynt að vekja athygli á þeirri þörf sem er á samstarfi og gagnkvæmum lærdómi þjóða við þarfagreiningu og áætlanagerð. Þátttakandi af Íslands hálfu í ENECON verkefninu er starfstengiliður ESPON á Íslandi, Háskólinn á Akureyri.[56]

[50] www.ourfuture.eu
[51] www.recruitanretain.eu
[52] www.espon.eu/main/Menu_Programme/
[53] www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_AppliedResearch/SeGI.html
[54] http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/kitcasp.html
[55] http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TransnationalProjectGroups/index.html?currentPage=15
[56] http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TransnationalNetworkingActivities/enecon.html

# Viðaukar

## Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamninga 2012-2013

### Skrá yfir styrkt verkefni Vaxtarsamnings Eyjafjarðar 2012[57]

1. *Air 66N – þróun og markaðs-setning*. Markmið: Efling ferðaþjónustu á Norðurlandi og fjölgun heilsársstarfa. Sértæk markmið: 1) Að þróa á þjónustu og afurðir til markaðssetningar á netinu og í snjallsímum, 2) að markaðssetja Akureyrarflugvöll meðal erlendra aðila sem áfangastað. Markaðsstofa Norðurlands, Isavia, NMÍ, sveitarfélög og samstarfsfyrirtæki flugklasa.
2. *Loftskiptar frauðumbúðir*. Markmið: Að hanna nýja umbúðalausn fyrir fiskiðnað. Rafeyri ehf., Raven ehf. og ÚA ehf.
3. *Plast í olíu.* Markmið: Að þróa skilvirkar, hagkvæmar og umhverfisvænar leiðir til að endurvinna úrgangplast í fullunna, markaðsvæna vöru (eldsneyti). GPO ehf., Jarðepli ehf. , Rafeyri ehf., Gámaþjónustan hf. og Auðlindadeild HA .
4. *Tilraunaveiðar á sandskel og báruskel fyrir Norðurlandi með vatnsþrýstiplógi*. Markmið: Að varpa ljósi á það hvort sandskel og báruskel finnist í veiðanlegu magni í Eyjafirði. Skelfélagið ehf., Sjávarútvegsmiðstöð HA og American Mussel Harv-esters Inc.
5. *Lifrarvinnsla með nýrri aðferð*. Markmið verkefnisins er að þróa og sannreyna aðferð við vinnslu á fisklifur, sem ekki hefur notuð hérlendis áður. Reykjavík Seafood ehf., Norðurströnd ehf. og Sjávarútvegsmiðstöð HA.
6. *Akureyri Back Office*. Markmið: Að byggja upp alþjóðlegt starf T plús hf., með áherslu á þjónustu á sviði bakvinnslu fyrir fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði í Bretlandi. T plús hf.. Síminn hf. og Birwood ltd.
7. *Arctic Fresh Food*. Markmið: Að markaðssetja náttúrulegar og lífrænar matvörur í neytendaumbúðum á erlendan markað. Arctic Fresh Food ehf., O. Jakobsson ehf., Ekta fiskur ehf., Njáll ehf., Snorri Snorrason og Jón Þórarinsson.
8. *Nýjar greiningar fyrir svína- og stórgripaslátrun á Norðurlandi*. Markmið: Að þróa sértæka rannsóknaþjónustu og markaðssetja hana meðal valdra fyrirtækja á Norðurlandi. Rann-sóknaþjónustan Promat ehf., Norðlenska ehf., B. Jensen Rannsóknarþj. og Sýni ehf.
9. Þorskslóg í verðmæti. Markmið: Að sýna fram á að hægt sé að vinna með einföldum og hagkvæmum hætti ensím-blöndur úr fiskslógi, sem nýta megi t.d. í fisk og kjötvinnslu. Samherji hf., Háskólinn á Akureyri og Matís ohf.
10. *Arctic Services*. Markmið: Að auka umsvif eyfirskra fyrirtækja hvað varðar þjónustu við Grænland. Slippurinn á Akureyri ehf., Norlandair ehf., Arctic Maintenance ehf., Eimskip Ísland ehf., Rafeyri ehf., Hafnarsamlag Norðurlands og Akureyrarbær.
11. *Áætlunarflug frá Akureyri til Austurstrandar Grænlands*. Markmið: Að tryggja reglulegar samgöngur milli austurstrandar Grænlands og Akureyrar. Norlandair ehf., Ferðaskrif-stofan Nonni ehf. og Tangent Ex-peditions Ltd.
12. *Beint flug 2013*. Markmið: Að kynna Akureyri sem áhugaverðan áfangastað í beinu flugi frá suðaustur Evrópu og hrinda tveimur flugum í framkvæmd snemma sumars 2013. Ferðaskrifstofan Nonni ehf., Markaðsstofa Norðurlands, Adria Airways, Turisticna Agencija, Oskar, Potovanja og Pisanec Potovanja Trud.
13. *Einangrun og vinnsla Astaxanthin*. Markmið: Að þróa þau skiljuferli sem þarf til einangra og vinna Astaxanthin sem fellur til í frárennslisvökvum við vinnslu í kítósanverksmiðju Primex. Primex ehf., Matís, Háskólinn á Akureyri og Rammi hf,
14. *Snarpur.* Markmið: Að ljúka ákveðnum áföngum í þróun hugbúnaðarins Snarps. Páll Tryggvason ehf., Stefna ehf, Aseba á Íslandi sf. og Sjúkrahúsið á Akureyri.
15. *Tækifæri Íslands á Norðurslóðum*. Markmið: Að taka saman, vinna úr og miðla upplýsingum sem varða samgöngur, mannvirki og auðlindanýtingu á Norðurslóðum. Norðurslóðagáttin ehf., RHA og Norlandair ehf.
16. *Úrvinnsla úr fiskroði*. Markmið: Að hanna framleiðsluferla fyrir vörur úr fiskroði sem hugsaðar eru sem gæludýrafóður. Erlent ehf., O. Jakobsson ehf. og Northcoast Seafoods ltd.
17. *Vetrarparadís Norðurlands*. Markmið: Að nota nýja nálgun við að búa til kynningarefni/kvikmyndir fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi með áherslu á veturinn. Markaðsstofa Norðurlands, N4 framleiðsla og N4 sjónvarp.

[57] Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

## Skrá yfir styrkt verkefni Vaxtarsamnings Eyjafjarðar 2013

1. *Markaðssetning á skrúfakkerum fyrir fiskeldisbúnað og flotbryggjur í USA*. Markmið: Sama og heiti verkefnis. Hafbor, Króli ehf., American Mussel Harvesters og Salt Water Farms LLC.
2. *Færanlegur, orkusparandi kornþurrkari*. Markmið: Að hanna færanlegan, orkusparandi kornþurrkara sem gæti orðið að framleiðsluvöru. Dexta orkutæknilaunsnir ehf., Vélsmiðja Steindórs ehf. og Raftákn ehf.
3. *Arctic Energy Summit 2013*. Markmið: Að skipuleggja kynningu á fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlandi og þeim tækifærum sem þau hafa uppá að bjóða í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu á sviði orkumála á Norðurslóðum. Arctic Portal – Norðurslóðagáttin ehf., Institute of the North Alaska, Markaðsstofa Norðurlands, Norðurslóðanetið og N4 framleiðsla.
4. *Ósonhreinsiþró.* Markmið: Að þróa ósonhreinsiþró sem ætluð er til hreinsunar á frárennsli frá rotþróm. Raf ehf., Promens Dalvík ehf. og Verkís ehf.
5. *Greining á framtíðarmarkaði fyrir nýjar afurðir Orkeyjar*. Markmið: Markaðssetning nýrra afurða Orkeyjar sem byggja á nýtingu fitusýrumetýlesters og fitusýruglýseríða. Orkey ehf., Mannvit ehf., Norðurorka hf.og Samherji Ísland ehf.
6. *2Know* . Markmið: Að þróa afþreyingarhugbúnaðinn 2Know fyrir notendur snjallsíma og snjalltækja. Appia ehf., Stefna ehf. og Verkmenntaskólinn á Akureyri.
7. *Brasiliufarar*. Markmið: Að auka fjölda ferðamanna frá Brasiliu, aðallega borginni Curitiba. Trans - Atlantic ehf., Höldur ehf., KEA Hotel og Markaðsstofa Norðurland.
8. *Sjálfhreinsandi undirgólf fjósbygginga*. Markmið: Að fullhanna hugbúnaðarstýrðan og vélrænan búnað fyrir sjálfhreinsandi undirgólf fjósbygginga sem koma í stað hefðbundinna haughúsa. Teiknistofa Aðalgeirs T. Stfánss., Promens Dalvík og Landbúnaðarháskóli Íslands.
9. *North Adventures*. Markmið: Markaðssetning á nýrri tegund ferðaþjónustu og afþreyingu. Ingólfur Árni Björnsson, Ásprent – Stíll ehf. og Saga Travel ehf.
10. *Síld til Lettlands*. Markmið: Að markaðssetja síld í neytendaumbúðum sem verkuð hefur verið með nýrri aðferð í Lettlandi. Egils sjávarafurðir ehf., Baldvin Ingimarsson, Hugmat ehf. og Síldarminja safnið.
11. *Alþjóðlega vottað sjúkrahús*. Markmið: Að afla Sjúkrahúsinu á Akureyri alþjóðlegrar vottunar til verkefnaöflunar erlendis. Sjúkrahúsið á Akureyri, Icelandair Hotels, Norlandair og Höldur ehf.
12. *Iceland Winter Games*. Markmið: Halda alþjóðlegt mót jaðar-vetraríþrótta. Viðburðastofa Norðurlands, Akureyrarstofa, Arena events Noregi og Icelandair.
13. *Arctic Data Interface*. Markmið: Þróun tækni til samhæfs aðgengis hverskonar vísindagagna um Norðurslóðir. Norðurslóðagáttin ehf., Norðurslóðanet Íslands og Veðurstofa Íslands.
14. *Ræktunarbússýning Efri-Rauðalækjar í Berlín*. Markmið: Kynning og markaðsöflun ræktunarbúa í Eyjafirði á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín. Tryggur sf., Framfari hrossaræktarfélag og Lífland ehf.
15. *Eyfirska efnahagssvæðið*. Markmið: Koma á fót reglubundinni vinnslu hagrænna upplýsinga fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Rannsókna- og þróunarmiðstöð HA, Afe, Akureyrarstofa, Stefna ehf. og Vinnumálastofnun Norðurlandi eystra.
16. *Hermun varmaflutnings í fiskikerum*. Markmið: Þróa varmaflutningslíkön af fiski í þrem mismunandi tegundum fiskikera. Promens Dalvík ehf., Controlant ehf., Samherji hf., Háskóli Íslands og Matís ohf.
17. *Þróun tækja til þurrkunar á afurðum náttúrunnar*. Markmið: Hanna og smíða tæki til þurrkunar á hvönn og öðrum jurtum úr Hrísey. Hrísiðn ehf., Ferðamálafélag Hríseyjar og Dexta orku-tæknilausnir ehf.
18. *Markaðssetning á hringum úr íslensku bergi*. Markmið: Markaðskönnun og nánari vöruhönnun á hringum úr íslensku bergi. Friðbjörn B Möller, Náttúrufræðistofnun Akureyrar-setur, Geimstofan ehf. ofl.
19. *North Iceland by Night*. Markmið: Tilraunaverkefni með að bjóða pakkaferðir um Norðurland þar sem ferðast er um landið á nóttunni. Saga Travel, Hótel Reynihlíð, Jarðböðin við Mývatn, Norðursigling og Hótel Varmahlíð.

## Skrá yfir styrkt verkefni Vaxtarsamnings Norðausturlands 2012[58]

1. *Fræðasetur um forystufé.* Markmið verkefnisins er að koma upp fræðasetri um forystufé á Svalbarði við Þistilfjörð þar sem sögu og einkenni þessa fjárkyns verða gerð skil. Daníel Hansen.
2. *Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu.* Markmið verkefnisins er að leggja mat á efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu og styrkja þannig forsendur ákvarðanatöku um fjárfestingar í greininni ásamt því að sannreyna í héraði tölfræðivinnslu þjóðhagsstærða. Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands á Húsavík.

[58] http://www.atthing.is/2012/03/12/fyrsta-uthlutun-ur-nyjum-vaxtarsamningi/#more-1108

3. *Aur í áburð*. Markmið verkefnisins er að greina innihald seyru í settjörn við fiskeldisstöð Silfurstjörnunnar með það í huga að nýta hana sem áburð við ræktun á svæðinu og nýta þannig verðmæt næringarefni sem hingað til hefur verið fargað með tilheyrandi kostnaði. Silfurstjarnan hf.
4. *Samstarf um vöruþróun og markaðssetningu til uppbyggingar náttúrutengdrar ferðaþjónustu á sviði sjávarspendýra.* Markmið verkefnisins er að styrkja samstarf á milli Húnaþings vestra og Húsavíkur á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf og þjónustu, koma á sameiginlegri kynningu og stuðla að fjölgun ferðamanna á hvorum stað fyrir sig og auka þar með verðmætasköpun samstarfsaðilanna. Hvalasafnið á Húsavík.
5. *Tilraunarækt á ostrum í Skjálfandaflóa.* Markmið verkefnisins er að framleiða hágæða ferskvöru og nýta til þess hreinleika sjávarins hér og skapa þannig vörunni mikla sérstöðu og þar með verulegt samkeppnisforskot á innlendum sem erlendum markaði. Víkurskel ehf.
6. *Yule Lads – erlendir ferðamenn að vetri.* Markmið verkefnisins er að þróa og markaðssetja jólasveinana í Dimmuborgum þannig að þeir skapi eftirspurn meðal erlendra ferðamanna og auki þannig heimsóknir á Norðurland yfir vetrartímann. Mývatnsstofa ehf.

## Skrá yfir styrkt verkefni Vaxtarsamnings Norðausturlands 2013

1. *Ferðamennska starfssvæðis Norðurhjara*. Markmið verkefnisins er að viðhalda og efla samstarf ferðaþjónustuaðila á starfssvæðinu í þróun og kynningu ferðaþjónustuafurða. Norðurhjari – ferðaþjónustuklasi.
2. *Birdwatching Northeast Iceland.* Markmið verkefnisins, sem byggir á því starfi sem unnið hefur verið á vegum Fuglastígs á Norðausturlandi, er að þróa og markaðssetja ferðapakka sem byggja á þeirri þjónustu sem samstarfsaðilarnir veita í dag hver um sig og auka þannig virði vörunnar fyrir kaupandann. Harald Jóhannesson.
3. *Þverá í Laxárdal*. Markmið verkefnisins er gerð áætlunar og uppsetning „lifandi" sýningar í Þverárbænum þar sem gestum gefst jafnvel kostur á að taka þátt í þeim störfum sem fram fóru í íslenskum sveitabæjum fyrr á tíð. Menningarmiðstöð Þingeyinga.
4. *Vatnakönnun.* Markmið verkefnisins er kortlagning veiðistaða við tiltekin veiðivötn á Melrakkasléttu, Tunguselsheiði og á Langanesi og uppbygging heildstæðrar þjónustu við erlenda stangveiðimenn með leiðsögn, fæði og gistingu ásamt annarri afþreyingu eftir atvikum. Pétur Magnússon og Ásdís Thoroddsen.
5. *Geithvönn – þróun og markaðssetning heilsubætandi afurða*. Markmið verkefnisins er að fullþróa og markaðssetja ferskan geithvannarsafa sem er kaldpressaður og frystur í hæfilegum dagsskömmtum. Reynsla bendir til að safinn hafi jákvæð áhrif gagnvart krabbameini í blöðruhálskirtli og góðkynja stækkun hans. Einnig benda rannsóknir sem gerðar hafa verið, til þess að safinn hafi mjög hamlandi áhrif á vöxt krabbameinsfruma í blöðruhálskirtli. Hvannalindir ehf.
6. *Beint flug frá Bretlandi*. Markmið verkefnisins er að ná skilgreindum markhópum frá völdum markaðssvæðum með leiguflugi beint til Norðurlands (Akureyrar) með áherslu á vetrartímann. Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf.
7. *Fjárfestakynning Garðarshólms*. Garðarshólmur er miðstöð vísinda og lista sem rísa mun á hafnarbakka Húsavíkur. Þema miðstöðvarinnar er samband manns og náttúru og hvernig megi koma jafnvægi þar á svo mannkynið lifi innan þolmarka náttúrunnar. Markmið verkefnisins er fjármögnun miðstöðvarinnar og fjárfestakynningar í því skyni. Garðarshólmur.
8. *Viðbót Vöruþróun*. Markmið verkefnisins er frekari vöruþróun á paté vörulínu fyrirtækisins, þ.e. bæði í innbökuðu paté og í krukku sem leiðir til aukinna tækifæra í sölu og markaðssetningu. Kjötvinnslan Viðbót.
9. *Markaðssetning á netinu*. Verkefnið felst í því að standa fyrir námskeiði meðal stjórnenda og eigenda fyrirtækja á svæðinu um hvernig þau geti betur nýtt sér netið til markaðssetningar á vöru sinni og þjónustu. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Húsavíkurstofa og Mývatnsstofa.
10. *Örnefni í Þingeyjarsýslu*. Verkefnið felst í því að hnitsetja örnefni, til að byrja með í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit en síðan áfram í allri sýslunni, á kortagrunn LMÍ í samvinnu við staðkunnuga. Urðarbrunnur, Landmælingar Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar.
11. *Tröll í Kiðagili og Þingeyskt & þjóðlegt*. Verkefnið er skref í þróunarstarfi sem miðar að því að auka efnahagslegan ávinning af þingeysku handverki með því að nýta menningararfinn og tvinna hann við nýjar aðferðir og hönnun. Þingeyskt & þjóðlegt og samstarfsaðilar handverkshópar og einstakir handverksaðilar í héraðinu.

12. *Umhverfisvænt sementslaust steinlím*. Markmið verkefnisins er að hanna og þróa íslenska útgáfu af umhverfisvænni steypu sem inniheldur ákveðnar álsilikat jarðefnafjölliður (e. geopolymers) og nýta til þess nærlæg hráefni, óunninn kísilgúr úr safnþróm Kísiliðjunnar ásamt eldfjallaösku af svæðinu og minnka þannig kolefnisspor framleiðslunnar eins og frekast er unnt. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, MýSköpun og Landeigendafélag Reykjahlíðar ehf.
13. *Alþjóðleg rannsóknarstöð á Raufarhöfn*. Markmið verkefnisins er að koma á fót alþjóðlegri rannsóknarstöð á Raufarhöfn sem yrði innan alþjóðlegt nets náttúrurannsókna- og vöktunarstöðva á Norðurslóðum (INTERACT). Náttúrustofa Norðausturlands. Samstarfsaðilar Byggðastofnun, Norðurþing, Guðmundur Örn Benediktsson, Hótel Norðurljós, Farfuglaheimilið á Kópaskeri, Hreiðrið – gistiheimili og Gistiheimilið Sólsetur.
14. *Hundaskólinn við Húsavík.* Markmið verkefnisins er að koma upp hundaskóla til þjálfunar fjárhunda en einnig almenn hlýðninámskeið, spornámskeið og fleira og síðar meir þjálfun veiðihunda. Aðalsteinn J. Halldórsson og Elísabet Gunnarsdóttir, Endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands, Gunnar Einarsson, Vores Hundecenter og Halldór Sigurðsson.
15. *MýSköpun – uppbygging innviða og vísir að stofnasafni*. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á örverulífríki Mývatns og byggja upp færni sem nýtist til að einangra, greina og rækta þær sömu og skapa þannig grunn fyrir framleiðslu og sölu verðmætra lífefna með nýtingu staðbundinnar jarðorku. MýSköpun ehf., Háskólinn á Akureyri og Náttúrufræðistofnun Íslands (Akureyrarsetur).
16. *Áfangastaðir á starfssvæði Norðurhjara*. Markmið verkefnisins er að koma upp 12 gæða áfangastöðum á starfssvæði klasans þar sem m.a. verði komið fyrir skiltum með upplýsingum fyrir ferðamenn. Norðurhjari – ferðaþjónustuklasi og um 30 aðilar klasans..
17. *Nytjasmiðja á Laugum*. Markmið verkefnisins er að koma upp svokallaðri nytjasmiðju þar sem til staðar verði viðurkennd og vottuð aðstaða til vöruþróunar matvælavinnslu fyrir smáframleiðslu af ýmsu tagi. Kjarni ehf., Matís ohf. og Háskólinn á Akureyri.
18. *Raufarhöfn – áfangsstaður framtíðarinnar*. Markmið verkefnisins er að byggja Raufarhöfn upp sem áfangastað ferðamanna með Heimskautsgerðið sem höfuð aðdráttarafl þar sem nálægðin við heimskautsbaug og náttúra og saga staðarins myndi heildarþema sem standi að baki „vörumerki" (e. branding) staðarins. Arctic Edge Consulting ehf., Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, Norðurhjari – ferðaþjónustuklasi, „Raufarhafnarhópurinn" og aðilar úr stoðkerfi og ferðaþjónustu í Rovaniemi í Finnlandi.
19. *Skoruvíkurbjarg – bætt aðgengi að Stórakarli*. Markmið verkefnisins er uppbygging ferðamannastaðar til að fylgja fjölgun ferðamanna, m.a. til að vernda náttúruna og auka öryggi ferðamanna. Langanesbyggð, Náttúrustofa Norðausturlands, Félag eggjatökubænda og Ferðamálafélagið Súlan.
20. *Léttsöltuð frosin grásleppuhrogn.* Markmið verkefnisins er að fullþróa tiltekna vinnslu grásleppuhrogna og finna þeirri framleiðslu nýja markaði. GPG Seafood ehf., Samtak sf og Gintaras Poskus.
21. *MýSköpun – Greining lífefna úr þörungum*. Verkefnisstjóri er Arnheiður Rán Almarsdóttir. Markmið verkefnisins er að nota þörunga sem nú þegar er búið að einangra og greina og skilgreina þá betur. MýSköpun ehf., Háskólinn á Akureyri og Náttúrufræðistofnun Íslands (Akureyrarsetur).
22. *Þingeyskar fingurbjargir – markaðssetning*. Markmið verkefnisins er markaðssetja framleiðsluvörur samstarfshópsins en þær eru tengdar safnmunum frá Byggðasafni Norður-Þingeyinga að Snartarstöðum. Þingeyskar fingurbjargir og 5 aðilar klasans.
23. *Námsmannaferðir og kynning*. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á áhugaverð námskeið, vettvangsferðir og þjónustu fyrir jarðfræðinema auk þess að byggja upp tengslanet við Háskóla Íslands og Háskólana í Osló og Stokkhólmi. Jarðskjálftafélagið á Kópaskeri, Gistiþjónustan á Kópaskeri, Hótel Skúlagarður og Þekkingarnet Þingeyinga.
24. *Hestatengd ferðaþjónusta – markaðssetning*. Markmið verkefnisins er að markaðssetja einstaka viðburði tengda hestinum auk þess að bjóða upp á upp á hnitmiðaðar ferðir þar sem ýmis önnur afþreying og upplifun sem Ísland er þekkt fyrir verður í boði. Saltvík ehf., Hrossaræktarfélög Eyfirðinga og Þingeyinga, Húsavíkurstofa, Svisshólar í Sviss og Ferðaskrifstofan Riding Iceland.
25. *Litlir landkönnuðir*. Verkefnið gengur út á frekari þróun og hönnun á ævintýrakorti fyrir ferðamenn sem koma í Bakkafjörð, á Langanes og í Þistilfjörð. Þekkingarnet Þingeyinga, Langanesbyggð og Svalbarðshreppur.
26. *Vordægur í Mývatnssveit*. Markmið verkefnisins er vöruþróun og markaðssetning á dvöl og afþreyingu fyrir eldri borgara í Mývatnssveit fyrir utan háannatíma ferðaþjónustu. Sel Hótel Mývatn, Mývatnsstofa ehf og Jarðböðin við Mývatn.

27. Þjónustusókn og samfélagsábyrgð. Markmið verkefnisins er rannsókn á þjónustusókn, samfélagsvitund og samfélagsábyrgð fjölskyldna á svæðinu frá Bakkafirði til Öxarfjarðar. Þekkingarnet Þingeyinga, Háskólinn á Akureyri, Byggðastofnun, Langanesbyggð og Norðurþing.
28. Menningarminjar í ferðaþjónustu. Markmið verkefnisins er að nýta árangur rannsókna á sviði forminja til nýsköpunar í ferðaþjónustu og búa til nýjar minjaslóðir. Ferðaþjónustan á Narfastöðum, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Hið þingeyska fornleifafélag og Fornleifastofnun Íslands.
29. Kryddjurtaframleiðsla. Markmið verkefnisins er tilraunaræktun á kryddjurtum, rannsóknarræktun og markaðsrannsóknir. Derri Stephens, Sölkuveitingar ehf. og Norðurþing.
30. *Könnunarsögusafnið.* Markmið verkefnisins er að efla ferðaþjónustu og framboð afþreyingar á Norðausturlandi með stofnun safns sem fjallar um könnunarsögu mannsins og tengsl Íslands og Þingeyjarsýslna við hana. Könnunarsögusafnið ehf., Bókaverslun Þórarins Stefánsson, Gistiheimili Húsavíkur ehf. og Arctic Edge Consulting ehf.
31. *Bárðdælskir réttir.* Markmið verkefnisins er að markaðssetja vörur og matvæli frá þessum hópi undir einum hatti og vörumerki auk þess sem farið verður í frekari vöruþróun. Kiðagil ehf., Stóruvellir ehf. og hópur einstaklinga í Bárðardal.
32. Vanda vöruþróun, markaðsaukning og útflutningur. Verkefnið gengur út á frekari þróun og hönnun á nýrri vörulínu, markaðssetningu og útflutning á erlendan markað. Vanda ehf., Ístex, Nik Peros og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
33. *Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Þriggja ára rannsóknarverkefni á hagrænum áhrifum ferðaþjónustunnar í Þingeyjarsýslu. Rannsóknin ætti einnig að geta legið til grundvallar ákvarðanatöku um frekari uppbyggingu atvinnugreinarinnar á jaðarsvæðum. Stofnun rannsóknarseturs Háskóla Íslands, Þekkingarnet Þingeyinga, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Húsavíkurstofa, Norðursigling ehf, Gentle Giants – Hvalaferðir ehf, Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf., Jarðböðin ehf. og Reynihlíð ehf.
34. *Kerfill – rannsóknir á notagildi.* Markmið verkefnisins er rannsókn á efnasamsetningu jurtarinnar og hluta hennar við mismunandi vinnslu (s.s. þurrkun og útdráttur yfir í olíu og/eða lífræna leysa). Matarskemman ehf., Matís ohf. og Háskólinn á Akureyri.
35. *Frostþurrkun – undirbúningur og hönnunarvinna.* Markmið verkefnisins er að þróa búnað og tækni til frostþurrkunar þar sem hægt er að notast við mismunandi orkugjafa. Matarskemman ehf., Matís ohf., Háskólinn á Akureyri, Dexta - orkutæknilausnir ehf. og Raftákn verkfræðistofa.
36. *Matur úr héraði – Local Food Store*. Markmið verkefnisins er markaðsgreining og gerð viðskiptaáætlunar til undirbúnings fyrir opnun verslunar með áherslu á sölu afurða úr héraði - *Local food store*. Þingeyska matarbúrið, Viðbót ehf., GPG Seafood ehf. og Jóna Matthíasdóttir.
37. *Lífdísill úr úrgangsfitu ætlaður bátum.* Markmið verkefnisins er að kanna forsendur þess að nýta úrgangsfitu sem til fellur á Norðausturlandi til framleiðslu á grænum lífdísil til notkunar á báta sem gerðir eru út á svæðinu. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Norðlenska matborðið ehf., Fjallalamb ehf. og Norðursigling ehf.
38. *Nýting á slógi til áburðar.* Markmið verkefnisins er að aðlaga og staðfæra þekkingu sem til er varðandi nýtingu á slógi til áburðar en jafnframt þróa lausnir á vandamálum sem upp hafa komið í fyrri verkefnum. Árni Gunnarsson, GPG Seafood ehf. og Matís ohf.
39. *Ostrurækt í Skjálfandaflóa.* Markmið verkefnisins er að framleiða hágæða ferskvöru og nýta til þess hreinleika sjávarins hér og skapa þannig vörunni mikla sérstöðu og þar með verulegt samkeppnisforskot á innlendum sem erlendum markaði. Um er að ræða framhaldsáfanga í verkefninu sem einnig fékk styrk úr vaxtarsamningnum á síðasta ári. Víkurskel ehf., Hafrannsóknarstofnun, Sölkuveitingar ehf., Acuinuga (Spánn) og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

## Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013

### Skrá yfir styrkt verkefni Menningarráðs Eyþings 2012[59]

1. *Menningarstarfssemi í Alþýðuhúsinu , s.s. listasmiðjur fyrir börn og aðstandendur, ljóðadagskrá og málþing.* Aðalheiður Eysteinsdóttir.
2. *Réttardagur 50 sýninga röð. Fjórar sýningar á árinu 2012 á starfssvæði Eyþings*. Aðalheiður Eysteinsdóttir.
3. *Dansverk sem er samstarfsverkefni milli dansara, tónlistarfólks og leikstjóra*. Anna Richardsdóttir Ereskigal og Gullveig.

[59] http://www.eything.is/static/files/ME/styrkt-verkefni-2012.pdf

4. *REITIR. Þátttakendur í verkefninu vinna með bæjaryfirvöldum og íbúum á Siglufirði að tímabundum skapandi útfærslum á sameiginlegum svæðum innan bæjarins*. Arnar Ómarsson.
5. *Tólfti september, í tali og tónum. Markmiðið er að vekja athygli á starfi Freymóðs Jóhannessonar listmálara og dægurlagahöfundar*. Áhugahópur um dagskrá til heiðurs listamanninum Freymóði Jóhannssyni, Tólfta september.
6. *Námskeið í flutningi og túlkun barokktónlistar á Akureyri. Námskeiðið er undirbúningur fyrir Barokkhátíð á Hólum sem haldin verður næsta sumar*. Barokksmiðja Hólastiftis.
7. *Menningarþrenna í Laufási. Markmiðið með verkefninu er að lífga upp á sögu Laufásstaðar og nánasta umhverfis*. Bolli Pétur Bollason.
8. *Norðurlandsmót þjóðdansara. Á mótinu hittast danshópar af svæðinu auk gesta sem að þessu sinni er Sporið í Borgarfirði. Í lok mótsins verður haldinn sýning sem verður opin almenningi.* Dansfélagið Vefarinn.
9. *Sögusýning í húsi Hákarla Jörundar. Skrifa á leikverk sem byggir á sögu hákarla Jörundar. Verkið verður sýnt gestum Hríseyjar og er liður í að efla ferðaþjónustu í eyjunni*. Ferðamálafélag Hríseyjar.
10. *Inn milli fjallana – menningardagskrá tileinkuð Jóni Trausta. Tveggja daga dagskrá sem samanstendur af gönguferðum, samræðukvöldi með fræðimönnum og blandaðri menningardagskrá*. Ferðaþjónustan Ytra Álandi.
11. *Langanes Artisphere 2012. Með verkefninu er haldið áfram að þróa Listfarfuglaheimilið Ytra lón. Verkefnið felst í því að koma á stað samstarfi við myndlistarskóla, starfandi listamenn og leikmenn*. Ferðaþjónustan Ytra-Lón.
12. *Grímseyjardagur. Dagurinn er byggður á gömlum hefðum og sérkennum eyjarinnar. Tilgangur dagsins er að vekja athygli á eynni, halda gömlum hefðum í hávegi og tengja þær ferðaþjónustu*. Ferðaþjónustuaðilar í Grímsey.
13. *Góðir gestir á Kópaskeri. Verkefnið er liður í þeirri viðleitni Flygilvina að bjóða íbúum Kópaskers og nágrennis upp á nokkra tónlistarviðburði á hverju ári*. Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð.
14. *Fornleifaskóli eldri borgara. Meginmarkmið verkefnisins felst í samvinnu kynslóða og að efla þekkingu eldri borgara á þeim fornleifarannsóknum sem hafa verið stundaðar í Þingeyjarsýslum*. Fornleifaskóli barnanna.
15. *Sýning um forystufé sem sett verður upp í Fræðasetri um forystufé*. Fræðafélag um forystufé, Fræðasetur um forystufé.
16. *Úlfármálið/Fjörsváfnir. Styrkur til ljúka við myndina Fjörsváfnir. Verkið er unnið sem einn kvæðabálkur þar sem tónlist og texti stjórnar hrynjanda verksins en myndhlutinn verður unninn sem hreyfimynd eftir texta og tónlist*. Gallerí Víð8tta601.
17. *Gamli barnaskólinn, Skógum. Félagið fær styrk til að klára sýningu um sögu hússins og varðveita þar með menningar- og sögulegt gildi Gamla barnaskólans.* Gamli barnaskólinn, Skógum Fnjóskadal.
18. *Í austur. Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi heldur í austur og setur upp sýningar að Snartastöðum við Kópasker í samvinnu við Menningarmiðstöð Þingeyinga*. Guðbjörg Ringsted.
19. *Uppskeruhátíð ræktunar og myndlistar. Með verkefninu er verið að tengja saman myndlistina, náttúru, gróðurinn og ræktun matvæla.* Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.
20. *Barnamenning, börn og handverk. Meginmarkmið verkefnisins er að auka fræðslu og þekkingu barna á umhverfi sínu og vekja einnig áhuga þeirra á sjónlistum. Verður það gert með smiðjum af ýmsu tagi.* Handverksmiðstöðin Punkturinn.
21. *Það búa litlir dvergar. Með verkefninu er verið að kynna þekkt klassísk verk sem hafa fengið nýjan búning í formi vinsælla sönglaga á íslensku*. Helena Guðlaug Bjarnadóttir.
22. *Málþing um rannsóknir á fornleifum sem stundaðar hafa verið á Litlu-Núpum undanfarin ár*. Hið þingeyska forleifafélag Málþing um Litlu-Núpa.
23. *Haftónar. Áætlaðar eru fimm ferðir í sumar þar sem hljómsveit, skáld, einsöngvarar og kokkur verða um borð. Í hverri ferð verður þema sem tengist eyfirsku skáldi eða menningu*. Hollvinafélag Húna II.

24. *Síldarstúlkan. Nefndin hefur fengið til liðs við sig listakonu og handverksmann af svæðinu og munu þau hanna skúlptúr úr rekavið til minningar um síldarstúlkuna. Einnig verða haldnar vinnusmiðjur fyrir börn þar sem síldarstúlkan verður viðfangsefnið.* Hrútadagsnefnd.
25. *Þjóðsögur og hönnun. Samvinnuverkefni við Ingibjörgu H. Ágústsdóttur, hannað verður myndverk og vörur út frá völdum ævintýrum*. Hugrún Ívarsdóttir.
26. *Móðir, kona meyja. Verkefnið er tvískipt annarsvegar bókverk og hins vegar sýning því tengt. Verkefnið er unnið í samtarfi við Jónas Friðrik skáld á Raufarhöfn*. Ingunn St. Svavarsdóttir/Yst.
27. *Blússkóli í Fjallabyggð. Settur verður á fót blússkóli í Fjallabyggð í tengslum við Blúshátíðina sem haldin verður næsta sumar.* Jassklúbbur Ólafsfjarðar.
28. *Heitir fimmtudagar. Fimmtudagstónleikar á Listasumri þar sem úrvals jasstónlistarmenn stíga á stokk*. Jazzklúbbur Akureyrar.
29. *Úr ljóðum Laxness. Kórinn fær til liðs við sig tónskáld sem semja lög við texta skáldsins. Kórinn verður síðan með tónleikaröð í tilefni af 110 ára afmæli skáldsins*. Kammerkór Norðurlands.
30. *Kórinn ætlar að flytja óperuna Dido og Aeneas í vor og hefur fengið til liðs við sig listafólk af svæðinu*. Kammerkórinn Hymnodia Dido og Aeneas.
31. *Listasmiðjur í Grímsey Listasmiðjur fyrir börn í Grímsey í samvinnu við Sjónlistarmiðstöðina á Akureyri*. Kvenfélagið Baugur
32. *Sögusýning í Grímsey. Sögusýningin er til upplýsingar og afþreyingar fyrir ferðamenn sem heimsækja eyna. Sýningin verður staðsett utandyra og er því alltaf aðgengileg*. Kvenfélagið Baugur
33. *Djákninn frá Myrká. Skrifað verður handrit að leikriti með söngvum byggða á þjóðsögunni um Djáknann frá Myrká. Leikritið verður sett upp af Leikfélagi Hörgdæla 2013*. Leikfélag Hörgdæla.
34. *Götulistahátíðin Hafurtask. Leikhópurinn Þykista er skipaður ungu fólki á Akureyri. Haldnin verður viku hátíð sem samanstendur af vinnusmiðjum og uppskeruhátíð sem verður hluti af afmælisdagskrá Akureyrarbæjar.* Leikhópurinn Þykista.
35. *List án landamæra 2012. Listahátíð, stór hluti þátttakenda kemur úr röðum fólks með fötlun en lærðir og leiknir koma þó saman að ýmsum verkefnum*. List án landamæra.
36. *Ljóðahátíðin í Eyjafirði árið 2012. Sett verður upp metnaðarfull bókmenntadagskrá þar sem fram koma nokkur af fremstu ljóðskáldum landsins. Ljóðaganga í eyfirskum skógi og verða fyrirlestrar um ljóðlist í tengslum við hátíðina.* Litla Ljóðahámerin.
37. *Lifandi viðburðir á Ljóðasetri Íslands Yfir sumartímann verða daglegir viðburðir þar sem fram koma ljóðskáld, tónlistarfólk og áhugafólk um ljóðlistina*. Ljóðasetur Íslands.
38. *Barnamenningarhátíð í Dalvíkurbyggð. Verkefnið er byggt upp með nokkrum listasmiðjum með það að markmiði að börnin fái útrás fyrir sköpunargleði og fróðleiksfýsn gegnum listina*. Menningarfélagið Berg.
39. *Rímur og rokk. Markmið verkefnisins er að viðhalda þeirri menningararfleifð sem rímur, ferskeytlur, limrur og þulur eru og fá unga fólkið til að tileinka sér kveðskap. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vopnfirðinga.* Menningarmiðstöð Þingeyinga.
40. *Innkoma listamanna í lítil samfélög. Halda á málþing um þau áhrif sem verða í afskekktum byggðalögum þegar listamenn byggja upp atvinnustarfssemi í fámennum byggðalögum og hvernig samfélagið getur nýtt sér kraftinn sem því fylgir*. Menningarvika á Raufarhöfn.
41. *Lýsum skammdegið upp 2012. Félagið stendur fyrir fjölda menningar og listviðburða frá ágústlokum til maíloka ár hvert. Menningarsmiðjan fær styrk í hluta dagskrár ársins 2012*. Menningarsmiðjan Populus tremula.
42. *Afmælisdagskrá í tilefni 50 ára afmælis safnsins. Afmælisdagskrá þar sem fjölmargir listamenn leggja safninu lið einnig munu sögufrægar persónur fortíðarinnar bregða fyrir meðal gesta*. Minjasafnið á Akureyri.
43. *Hvar á ég heima? Sýningarröð í Eyjafirði í tilefni 50 ára afmælis Minjasafnsins*. Minjasafnið á Akureyri.
44. *Hönnun og frágangur á sýningu. Safnið fær styrk fær styrk í hönnun og lokafrágang sýningarinnar í safninu*. Mótorhjólasafn Íslands.

45. *Sköpun bernskunnar. Samstarf Myndlistafélagsins, Myndlistarskólans og Leikfangasýningarinnar í Friðbjarnarhúsi. Verkefnið er tvískipt annars vegar sýning í sal Myndlistarfélagsins og hinsvegar viðburður með fjórum fyrirlestrum sem tengjast sýningunni*. Myndlistafélagið.
46. *Listfræðsla fyrir alla, málþing. Markmið verkefnisins er að gera listina og hlutverk hennar í atvinnulífinu og samfélaginu aðgengilega fyrir hinn almenna borgara ásamt því að fræða almenning og fagfólk*. Myndlistarfélagið.
47. *Myndlist milli mála – hádegisauki. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu almennings um tilgang listarinnar og hvernig myndlist auðgar menninguna og lífið*. Myndlistarfélagið.
48. *„Hægt hægt" margmiðlunarævintýri á Húsabakka. Hönnun á margmiðlunarefni fyrir fuglasýninguna á Húsabakka*. Náttúrusetrið á Húsabakka.
49. *Sameiginlegt markaðsátak safna og sýninga á Norðausturlandi. Að verkefninu standa rúmlega 30 aðilar innan safnaklasanna. Með verkefninu er sköpuð heildstæð og sameiginleg ímynd safna á svæðinu með því að gefa út kynningarrit.* Safnaklasi í Eyjafirði og Safnaþing – safnaklasi í Þingeyjarsýslum.
50. *Sýningar 2012. Safnið hefur fengið fjölmarga aðila til samstarfs og í sumar verða opnaðar margar nýjar sýningar í safninu. Safnasafnið fær styrk til hluta þeirra sýninga*. Safnasafnið.
51. *Borgarinnnan. Skrifa á handrit að leikverki sem byggir á ævi Vilhelmínu Lever*. Saga Jónsdóttir.
52. *Ljósmyndir Tómasar Jónssonar – Þórshöfn um miðja 20. öld. Verkefnið er unnið í samstarfi við Héraðsskjalasafn Árnesinga sem hefur fengið ljósmyndasafn Tómasar að gjöf. Sett verður upp sýning í tengslum við Káta daga næsta sumar auk þess sem myndirnar verða aðgengilegar í Sauðaneshúsi að sýningu lokinni.* Sauðaneshús á Langanesi.
53. *Barnasöngleikur. Sigrún hefur fengið til liðs við sig Hjörleif Hjartarson og Daníel Þorsteinsson og munu þau skrifa söngleik ætlaðan börnum sem Sigrún setur síðan upp með barnakórum sem hún stýrir*. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir
54. *Ekki 13, heldur 12+1. Frágangur á heimildarmynd um siglingu Húna II til Færeyja síðastliðið sumar í tengslum við strandmenningarhátíðina Sail Húsavík*. Sigurður Hlöðversson.
55. *Listaflakk – menningarlegt ferðalag. Listflakk er röð listviðburða þar sem tónlist, myndlist og leiklist renna saman í eitt. Hvert kvöld hefur ákveðna yfirskrift sem allir miðlar vinna eftir*. Silfurtunglið.
56. *Prímadagar Danshátíð. Haldnar verða vinnusmiðjur í dansi sem enda með lítilli uppskeruhátíð þar sem kennarar og nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar*. Silvía Rán Sigurðardóttir.
57. *Bátasmíðaverkefni Síldarminjasafnsins. Markmiðið er að endurheimta fornar þekkingar á smíði tréskipa með áherslu á litla árabáta.* Síldarminjasafn Íslands.
58. *Fiskimjölsiðnaður í 100 ár*. Málþing og farandsýning um fiskimjölsiðnaðinn á Íslandi en á síðasta ári voru 100 ár liðin síðan fyrstu lýsis- og fiskimjölsverksmiðjurnar tóku til starfa á Íslandi. Síldarminjasafn Íslands.
59. *Hér, þar og allsstaðar. Samsýning fjölda listamanna í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar*. Sjónlistamiðstöðin á Akureyri.
60. *Listasmiðjur á Listasumri í tilefni 150 ára afmælis Akureyrarbæjar.Smiðjan leggur áherslu á að kynna fyrir nemendum helstu listaverk í nánasta umhverfi og fræðslu um listamennina sem gerðu þau*. Sjónlistarmiðstöðin á Akureyri.
61. *Þýðing og miðlum á enskum texta, viðbót við sýningu. Markmiðið með því að þýða sýningartexta á ensku er að auka fræðslu á sérkennum svæðisins til erlendra safngesta.* Skjálftafélagið á Kópaskeri.
62. *Skógarsýning. Samstarf Skógræktarfélags Eyfirðinga og listnámsbrautar VMA. Sett verður upp sýning sem verður dreifð um Kjarnaskóg, mun hún skapa skemmtilega og óvænta upplifun. Við gerð sýningarinnar verður notaður efniviður úr skóginum*. Skógræktarfélag Eyfirðinga.
63. *Tónleikaröð í Hlöðunni, Litla-Garði. Tónleikaröðin er hugsuð sem vettvangur fyrir tónlistarmenn sem eru að fást við tónlist sem fylgir ekki meginstraumum og er ögn tilraunakennd*. Skúli Gautason.
64. *Safnadagurinn. Safnadagurinn er samstarfsverkefni allra safna á Eyþings svæðinu*. Safnaklasinn í Eyjafirði.
65. *Föstudagsfreistingar. Tónleikaröð þar sem tvinnuð er saman tónlist og matarmenning sem tengist við heimaland tónskálda eða flytjenda*. Tónlistarfélag Akureyrar.

66. *Í gegnum tíðina - leikrit með söngvum. Leikdeildin hefur fengið til liðs við sig listamenn til að semja nýtt leikverk. Verkið fjallar um ungt fólk á tímabilinu 1950-1980.* Ungmennafélagið Efling.
67. *Fræðsluefni um línuútgerð. Útgáfa á fræðsluefni fyrir börn um lífið á Grenivík hér áður fyrr þegar línuútgerð stóð sem hæst*. Útgerðarminjasafnið á Grenivík.
68. *Málþing um línuútgerð. Markmiðið með málþinginu er að fræða almenning um línuútgerð almennt og hvernig lífið var í sjávarþorpunum hér áður fyrr*. Útgerðarminjasafnið á Grenivík.
69. *Sumardagskrá 2012. Fjölmargir listamenn taka þátt í fjölbreyttri dagskrá sumarsins*. Verksmiðjan á Hjalteyri.
70. *Norðurlandsmót kvæðamanna á Siglufirði Árlegt mót með kvæðamönnum og kvæðamannafélögum á Norðurlandi*. Þjóðlist.
71. *Fjölþjóðlegt verkefni byggt á fornri kveðskaparhefð Undirbúningsstyrkur vegna erlends samstarfs verkefnisins Rokk og rímur*. Menningarmiðstöð Þingeyinga.

## Viðtakendur stofn- og rekstrarstyrkja 2012[60]

1. Gásakaupstaður ses.
2. Hollvinafélag Húna II.
3. Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar.
4. Skjálftafélagið.
5. Útgerðaminjasafnið á Grenivík.
6. Mótorhjólasafn Íslands.

## Skrá yfir styrkt verkefni Menningarráðs Eyþings 2013[61]

1. *Ung-skáld á Ak-ey*. Amtsbókasafnið og fl.
2. *Menningardagskrá í Alþýðuhúsinu. Menningardagskrá á Siglufirði þar verða m.a. haldnir fjölbreyttir menningaviðburðir á árinu*. Aðalheiður Eysteinsdóttir.
3. *Réttardagur 50 sýninga röð. Sýningarnar fjalla allar á einn eða annan hátt um íslensku sauðkindina og þá menningu sem um hana skapast*. Aðalheiður Eysteinsdóttir.
4. *Fagur fiskur í sjó. Samstarfsverkefni nokkra aðila á Ólafsfirði með það að markmiði að efla listir, menningu og fegurð svæðisins sem og tengsl listamanna og listnema á Ólafsfirði*. Anna María Guðlaugsdóttir o.fl.
5. *Inanna, Freyja, Ochung. Markmið verkefnisins er að setja upp listsýningu sem byggir á sviðslistum með grunni í dansi og performancelist*. Anna Richardsdóttir.
6. *Reitir. Þátttakendur í verkefninu vinna með bæjaryfirvöldum og íbúum á Siglufirði að tímabundum skapandi útfærslum á sameiginlegum svæðum innan bæjarins*. Arnar Ómarsson.
7. *Handritin alla leið heim. Í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar handritasafnara er endurgert brot út Physologus sem er handrit frá um 1200 og er það flutt heim og sýnt í Menningarhúsinu Bergi*. Árnastofnun og Menningarfélagið Berg.
8. *Vínarklassík á Norðurhjara. Samstarfsverkefni fimm hljóðfæraleikara sem öll starfa sem tónlistarkennarar á svæðinu.* Ásdís Arnardóttir.
9. *Námskeið í barokkhljómborðsleik. Styrkur til að halda námskeið í flutningi og túlkun barokktónlistar á Akureyri*. Barokksmiðja Hólastiftis.
10. *Það var hó! Það var hopp! Það var hæ! menningardagskrá sem byggir á menningarsögu og gömlum hefðum. Þema dagskrárinnar verður skemmtanahald Þistilfirði á árunum 1930-1950*. Bjarnveig Skaftfeld.
11. *Dansaðu fyrir mig. Dansverk samið og flutt í þeim tilgangi að kynna nútímadans fyrir ungu fólki á svæðinu*. Brogan J. Davison.
12. *Listasmiðjur í Hlíðarfjalli. Fléttað verður saman listkennslu og skíðakennslu.* Brynhildur Kristinsdóttir
13. *Norðrið í norðrinu – kvenna og barnamenning*. Byggðasafnið Hvoll.

---

[60] Menningarráð Eyþings 2014
[61] http://www.eything.is/static/files/ME/styrkt-verkefni-2013.pdf

14. *Kvæðið um fuglana. Í verkefninu á að sameina tónlistina og fuglana með óhefðbundinni tónleikaröð í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu. Flutt verða lög sem samin hafa verið um fugla og sýndar myndir af fuglum*. Eyþór Ingi Jónsson og Elvý G. Hreinsdóttir.
15. *Lifandi viðburðir á Ljósasetri Íslands. Daglegir viðburðir á Ljóðasetrinu á tímabilinu apríl-ágúst 2013.* Félag um Ljóðasetur Íslands
16. *Fjöllistasýning. Uppsetning fjöllistasýningar sem mun fara um Norðurland eystra.* Fjöllistahópurinn Hymnodia.
17. *Fjölmennt. Listahátíð, stór hluti þátttakenda kemur úr röðum fólks með fötlun en lærðir og leiknir koma þó saman að ýmsum verkefnum. Styrkur til níu verkefna innan hátíðarinnar*. List án landamæra.
18. *Þótt þú langförull legðir. Verkefnið er liður í viðleitni félagsins að bjóða íbúum Kópaskers og nágrennis upp á nokkra tónlistarviðburði á hverju ári. Lögð er áhersla á samstarf listamanna í héraði og brottfluttra.* Flygilvinir - tónlistarfél. við Öxarfjörð.
19. *Síðustu spor Látrabjargar. Ritun handrits og undirbúningur kvikmyndar vegna sögu Látra-Bjargar skáldkonu.* Grýtubakkahreppur og fleiri.‘
20. *Carcasse/Hræ. Undirbúningur og gerð á óhefðbundinni kvikmynd, s.k. áþreifanleg kvikmynd/haptic visuality.* Gústav Geir Bollason.
21. *Það búa litlir dvergar. Með verkefninu er verið að kynna þekkt klassísk verk sem hafa fengið nýjan búning í formi vinsælla sönglaga á íslensku. Markmiðið er að fræða börn um tónlist auk þess að leyfa þeim að njóta hennar og taka þátt. Verkefnið er samstarfsverkefni tónlistarmanna á svæðinu.* Helena Guðlaug Bjarnadóttir.
22. *Haftónar. Áætlaðar eru fimm ferðir í sumar þar sem hljómsveit, skáld, einsöngvarar og kokkur verða um borð. Í hverri ferð verður þema sem tengist eyfirsku skáldi eða menningu. Einnig verður strandmenning á Akureyri og í Eyjafirði kynnt í siglingunni*. Hollvinafélag Húna II.
23. *Sýning á fermingarfötum Norður Þingeyinga 1940-2012. Safnað verður fermingarfötum hjá Þingeyingum frá þessu tímabili og verða þau sýnd á Hrútadeginum 2013. Fengið verður ungt fólk af svæðinu til að sýna og fatahönnuður ættaður af svæðinu mun lýsa þróun í sparifötum þessa tíma. Er verkefnið liður í að varðveita menningarsögu Þingeyinga*. Hrútadagsnefnd.
24. *Undir yfirborðinu – Skjálfandi. Í verkefninu er unnið með hið hulda rými undir yfirborði sjávar í Skjálfanda. Afraksturinn verður sýndur í Safnahúsinu og Hvalasafninu*. Hönnunarverksmiðjan/Arnhildur Pálmad.
25. *Dans. Hugmyndin er að skapa útilistaverk sem staðsett verður við Borgarás. Verkið er unnið í samstarfi við fólk á svæðinu*. Ingunn St. Svavarsdóttir.
26. *Kvöldstund með heimamönnum. Hugmyndin byggir á því að bjóða erlendum ferðamönnum upp á huggulega kvöldstund þar sem þeir kynnast sögu Akureyrar með leikrænni frásögn, flutt verður norðlensk tónlist og sýndar verða gamlar myndir frá Akureyri*. Íslensk verkefnastjórnun.
27. *Norðan blús 2013. Verkefnið verður hluti af Blúshátíðinni í Ólafsfirði. Í tengslum við blúshátíðina verða haldnir útitónleikar við menningarhúsið Tjarnarborg. Þar verður ungu fólki sem tekið hefur þátt í námskeiðum blúshátíðarinnar undanfarin ár gefið tækifæri á að koma fram*. Jassklúbbur Ólafsfjarðar.
28. *Tröll, álfar og huldufólk. Dagskrá með íslenskum lögum og textum sem fjalla um tröll álfa og huldufólk*. Kammerkór Norðurlands.
29. *Davíð og Jónas. Samin verða ný lög við ljóð Jónasar og Davíðs með áherslu á ljóð sem ekki hafa verið saman lög við áður. Verður afraksturinn fluttur á tvennum tónleikum þar sem félagar úr Leikfélagi Hörgdæla munu túlka atriði úr ævi skáldanna.* Kirkjukór Möðruvallasóknar.
30. *Sögusýning í Grímsey. Sýning sem byggir á sögu eyjarinnar, sýningin verður gerð aðgengileg gestum Grímseyjar.* Kvenfélagið Baugur.
31. *Listasmiðjur á Grímseyjahátíð 2013. Hugmyndin byggir á að þátttakendur í Grímseyjardeginum, heimamenn og gestir búi til útilistaverk sem staðsett verður á vegg við höfnina. Verkið verður sýnilegt öllum sem heimsækja Grímsey.* Kvenfélagið Baugur.
32. *Kirkjulistavika á Akureyri. Markmiðið er að efla menningarstarfsemi við Akureyrarkirkju og auðga menningarlífið á Norðurlandi íbúum og ferðamönnum til gleði. Markmið er að hafa dagskrána fjölbreytta og sem flestar listgreinar fái rými innan hennar*. Listavinafélag Akureyrarkirkju.

33. *Norðurljósasögur. Með verkefninu er verið að vekja athygli á norðurljósunum og möguleikum til norðurljósaskoðunar á svæðinu. Leitað verður til listamanna í Fjallabyggð og víðar á Norðausturlandi um verk á sýningar sem settar verða upp í Fjallabyggð og síðar víðar á Norðurlandi og í Asíu*. Listhús í Fjallabyggð.
34. *Verksmiðjan. Saga Jónsdóttir hyggst skrifa leikrit um lífið á Verksmiðjunum á Akureyri árin 1940-45. Inn í söguna fléttast vera hermanna sem hafði mikil áhrif á mannlífið á Akureyri á þessum tíma*. Litla kompaníið.
35. *Litla ljóðahátíðin í Norðausturríki. Sett verður upp metnaðarfull bókmenntadagskrá þar sem fram koma nokkur af fremstu ljóðskáldum landsins. Ljóðaganga í eyfirskum skógi og verða fyrirlestrar um ljóðlist í tengslum við hátíðina. Í ár er hátíðin í samtarfi við Háa kisa á Austurlandi*. Litla ljóða hámerin.
36. *Glaumur og gleði sköpunar – Barnamenningarhátíð í Bergi. Verkefnið er byggt upp með nokkrum listasmiðjum með það að markmiði að börnin fái útrás fyrir sköpunargleði og fróðleiksfýsn gegnum listina.* Menningarfélagið Berg ásamt fleirum.
37. *Rímur og rokk. Markmið verkefnisins er að viðhalda þeirri menningararfleifð sem rímur, ferskeytlur, limrur og þulur eru og fá unga fólkið til að tileinka sér kveðskap*. Menningarmiðstöð Þingeyinga.
38. *Lýsum skammdegið upp. Félagið stendur fyrir fjölda menningar- og listviðburða frá ágústlokum til maíloka ár hvert. Lögð er áhersla á að bjóða ungt listafólk velkomið ekki síður en þekkta og virta listamenn. Menningarsmiðjan fær styrk í hluta dagskrár ársins 2013*. Menningarsmiðjan Populus Tremula.
39. *Hvar á ég heima? Sýningaröð í Eyjafirði í tilefni 50 ára afmælis Minjasafnsins á Akureyri*. Minjasafnið á Akureyri.
40. *Jólasveinarnir í Dimmuborgum. Jólasveinarnir bjóða gestum og gangandi í heimsókn í helli í Dimmuborgum á Jónsmessunótt*. Mývatnsstofa.
41. *Rokksumarbúðir á Akureyri. Markmið verkefnisins er að bjóða allt að 20 ungum stúlkum á aldrinum 12-16 ára upp á rokkbúðir í vikutíma. Stúlkurnar fá leiðsögn á hljóðfæri að eigin vali og mynda þær svo hljómsveitir sem æfa frumsamið lag undir leiðsögn sjálfboðaliða. Auk hljómsveitaæfinga og hljóðfærakennslu verður boðið verður boðið upp á vinnusmiðjur og heimsóknir frá tónlistarkonum*. Rósenborg í samvinnu við Stelpur rokka.
42. Sýningar. Styrkur til sumarsýninga Safnasafnsins. Safnasafnið.
43. *Haustkvöld hjá Safnaþingi. Á haustdögum ætla þátttakendur að standa að sameiginlegri viðburðadagskrá á öllum söfnum í Þingeyjarsýslum, með það að markmiði að draga fram þá fjölbreyttu og öflugu menningarstarfsemi sem fram fer á söfnum, sýningum og setrum í Þingeyjarsýslum*. Safnaþing.
44. *Jóhann Svarfdælingur. Dagskrá í tali og tónum um Jóhann Svarfdæling en nú í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Dagskráin byggir á leikrænum frásögnum af fjölbreytilegri ævi hans og hins vegar tónlist sem tengist lífi hans og starfsumhverfi allt frá sjómannslífi á Íslandi til sviðsljósa og sirkuslífs erlendis*. Samkór Svarfdælinga.
45. *Ég var einu sinni frægur, ferðast um Eyþing. Styrkur til að fara um starfssvæði Eyþings með sýninguna sem er samtímaverk um leikhússögu á Norðurlandi síðustu 60 árin*. Silfurtunglið.
46. *Föstudagsfreistingar. Tónleikaröð sem haldin er yfir vetrarmánuðina. Á tónleikum er tvinnað saman tónlist og matarmenningu sem tengist við heimaland tónskálda eða flytjenda*. Tónlistarfélag Akureyrar.
47. *Glóð á haustdögum, ljóðahátíð. Hátíðin snýst um að kynna ljóðalistina fyrir íbúum og gestum Siglufjarðar, veita þeim tækifæri til að hlýða á fremstu skáld landsins flytja ljóð sín*. Ungmennafélagið Glói.
48. *Trúðar og tjáningarfrelsi. Verkefnið er samstarfsverkefni Ungmennahússins og hóps finnskra ungmenna. Haldin verður fimm daga málstofa þar sem þemað er málfrelsi og unnið verður með viðfangsefnið út frá listformi trúðsins undir leiðsögn fagaðila*. Ungmennahúsið á Akureyri.
49. *Stuttmyndahátíðin Stulli. Stuttmyndahátíð fyrir ungt fólk í samvinnu við norska stuttmyndahátíð*. Ungmennahúsið á Akureyri.
50. *Úti-List á Akureyri. Hátt í 50 útilistaverk prýða Akureyri og markmið verkefnisins er að hægt verði að nálgast á einum stað upplýsingar um listaverkefnin, heiti þeirra, höfund og staðsetningu*. Akureyrarstofa, Amtsbókasafnið í samvinnu við framhaldskóla á Akureyri.

51. *Sýningar. Styrkur í fjölbreytta sumardagskrá Verksmiðjunnar sem unnin er í samstarfi við fjölmarga aðila*. Verksmiðjan á Hjalteyri.
52. *Langanes Artisphere 2013. Með verkefninu er haldið áfram að þróa Listfarfuglaheimilið Ytra lón. Haldnar verða vinnustofur og sýningar*. Ytra Lón.
53. *Viðburðardagskrá - saga og menning. Í verkefninu er dregin fram sérstaða svæðisins í tali og tónum*. Ytra Lón.
54. *Tröll í Kiðagili. Námskeið í gerð trölla úr íslenskri ull, tröllasögur og skoðuð örnefni sem tengjast tröllum*. Þingeyskt og þjóðlegt.
55. *Þjóðlagahátíðin á Siglufirði. Á Þjóðlagahátíðinni 2013 verður lögð áhersla á leikhústengda þjóðlagatónlist. Á hátíðinni koma fram íslenskir og erlendir tónlistarmenn*. Þjóðlagahátíðin á Siglufirði.
56. *Leiklistarhátíðin Þjóðleikur. Leiklistarhátíðin fyrir ungmenni á aldrinum 14-20 ára. Haldin verða námskeið og í apríl verður lokahátíð Þjóðleiks haldin á Akureyri*. Þjóðleikur á Norðurlandi eystra.
57. *Landsmót kvæðamanna. Landsmótið er liður í að efla íslenska þjóðtónlist og mynda samstöðu með hópum þjóðtónlistarfólks. Haldnar verða vinnustofur og námskeið*. Þjóðlist.

## Viðtakendur stofn- og rekstrarstyrkja 2013[62]

1. Barokksmiðja Hólastiftis.
2. Félag um Þjóðlagsetur sr. Bjarna Þorsteinssonar.
3. Fjallabyggð.
4. Fræðasetur um forystufé.
5. Gamli barnaskólinn Skógum – Fnjóskadal.
6. Gásakaupstaður.
7. Menningarfélagið Hraun Öxnadal.
8. Mótorhjólasafn Íslands.
9. Myndlistafélagið.
10. Náttúrusetrið á Húsabakka.
11. Sauðanesnefndin.
12. Skjálftafélagið, félag áhugamanna um stofnun Jarðskjálftaseturs á Kópaskeri.
13. Verksmiðjan á Hjalteyri

[62] Menningarráð Eyþings 2014